# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

175. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 27. JÚLÍ 2017




Veðrið lék við borgarbúa fyrripart dags í gær þar til þoka lagðist yfir höfuðborgarsvæðið. Mikill hiti var víða um landið. Veðurstofa Íslands spáir áfram góðu veðri í dag á Suðvesturlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum er spáð sól og allt að 22 stiga hita en töluvert kaldara verður þó á Suðurlandi og Austurlandi og skýjað víða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lögreglumenn kærðir fyrir gróft ofbeldi

**Rannsókn fer nú fram í máli tveggja lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu sem grunaðir eru um að hafa beitt harðræði við handtöku.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu sæta rannsókn vegna gruns um að hafa beitt tvo menn grófu ofbeldi við handtöku í maí, með þeim afleiðingum að annar mannanna tvífótbrotnaði. Lögð hefur verið fram kæra á hendur báðum lögreglumönnunum, karli og konu.

Meint atvik átti sér stað við Hamborgarabúlluna við Dalveg í Kópavogi. Starfsmenn veitingastaðarins höfðu þá óskað eftir aðstoð lögreglu vegna tveggja manna sem voru ölvaðir og með læti, en atvikið átti sér stað um kvöldmatarleytið.

Annar mannanna neitaði að framvísa skilríkjum þegar lögreglan óskaði eftir því og kvaðst ekki skilja íslensku. Lögreglumennirnir ákváðu í kjölfarið að handtaka manninn og færa hann á lögreglustöð. Maðurinn streittist hins vegar á móti og félagi hans reyndi að koma honum undan handtökunni, meðal annars með því að toga manninn til sín og ýta í lögreglumennina.

> Að sögn vitnis brást lögregla ókvæða við. Þau hafi bæði dregið upp kylfu og slegið félaga mannsins ítrekað þar sem hann lá á jörðinni.

Að sögn vitnis, sem rætt er við á síðu 8 í blaðinu í dag, brást lögregla ókvæða við. Þau hafi bæði dregið upp kylfu og slegið félaga mannsins ítrekað þar sem hann lá á jörðinni. Því næst hafi hinum manninum verið ýtt inn í lögreglubíl, en þegar hann vildi ekki setja fæturna inn í bílinn hafi lögreglumaðurinn skellt bílhurðinni margoft á fætur hans. Vitnið segir að um gróft og alvarlegt ofbeldi hafi verið að ræða og að erfitt hafi verið að horfa upp á það.

Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari staðfestir að málið sé í rannsókn og að lögð hafi verið fram kæra á hendur lögreglumönnunum. Þá staðfestir Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri að lögreglumennirnir hafi ekki verið sendir í leyfi. – ósk / sjá síðu 8

## Sterk efni gætu náð útbreiðslu

**SAMFÉLAG** Flest bendir til að sterk vímuefni á borð við heróín og hreint metamfetamín muni ná útbreiðslu hér á landi á næstu misserum. Þetta segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga.

Sú þróun hafi til dæmis orðið á Norðurlöndunum undanfarin ár og því þurfi stjórnvöld hér að bregðast við.

„Ég held að framtíðin hér á landi sé crystal meth [hreint metamfetamín]. Það er að aukast svo rosalega í kringum okkur og ég hef miklar áhyggjur af þessari þróun. Það er orðið mun auðveldara að búa það til og er komið í framleiðslu svo víða," segir Guðmundur.

„Heróín er hins vegar orðið svo rosalega útbreitt að það er bara tímaspursmál hvenær þetta nær útbreiðslu hér." – sks / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gunnar Alexander Ólafsson heilsuhagfræðingur skrifar um leigumál. 18

**SPORT** Stelpurnar okkar stigalausar heim af EM eftir skell í lokaleiknum. 26



**MENNING** Eva Mjöll Ingólfsdóttir fiðluleikari spilar í Iðnó í kvöld. 34

**LÍFIÐ** Parinu Söru Björk Purkhús og Ágústi Orra Ágústssyni hefur tekist vel að nýta alla sína 38 fermetra. 46

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Skólatölvan
fæst hjá Epli



EPLI
www.epli.is




BRÚÐHJÓNALISTAR
Matar- & kaffistell í miklu úrvali



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – S: 568 9955

## Veður




Norðaustanátt mun ráða ríkjum og verður hún stíf víða um land, sérstaklega í Öræfum. Það verður skýjað á austurhelmingi landsins með dálítilli vætu á köflum, en vestanlands verður dagurinn sólríkur. SJÁ SÍÐU 30

# Flutu slök í kvöldsólinni



Góð mæting var í samflot sem haldið var í Breiðholtslauginni klukkan 20.00 í gærkvöldi. Þar hittust tæplega 30 manns og byrjuðu á því að gera teygjuæfingar í kvöldsólinni. Eftir það nutu þau þess að láta sig fljóta í lauginni og gleyma amstri hversdagsins um stund. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Öflugir skjálftar á Reykjanesi

**NÁTTÚRA** Þrír jarðskjálftar um fjórir að stærð urðu í gær á Reykjanesskaga og sá síðasti um klukkan hálf níu um kvöldið. Ekki höfðu orðið fleiri svo stórir skjálftar á svæðinu þegar blaðið fór í prentun.

Þriðji skjálftinn varð rétt fyrir hálf níu í gærkvöldi og mældist 3,8 en hinir tveir 3,9 og 4 að stærð. Upptök skjálftanna voru við Fagradalsfjall norðaustur af Grindavík og vestur af Kleifarvatni. Fjórir aðrir skjálftar yfir stærð 3 mældust einnig og margir minni fylgdu í kjölfarið. Skjálftar í hrinunni voru yfir 100 talsins og fundust þeir stærstu víða á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. – hg

## Vígbúast fyrir Druslugönguna

**LÖGREGLAN** Öryggisgæsla í Druslugöngunni á laugardag verður með sama hætti og á öðrum stærri viðburðum sem haldnir hafa verið í Reykjavík í sumar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun sinna almennu eftirliti auk þess sem sérsveit ríkislögreglustjóra verður við eftirlit.



Arnar R. Marteinsson, aðalvarðstjóri á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir að vopnaðir sérsveitarmenn verði á svæðinu á laugardag.

Þá segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglu, að viðbúnaður verði í samræmi við aðra stærri viðburði. „Við munum sinna almennri löggæslu og bifhjólalögreglumenn munu fylgja göngunni eftir. Og sem áður erum við í samstarfi við sérsveit ríkislögreglustjóra,“ segir Guðbrandur.

Athygli vakti þegar vopnaðir lögreglumenn sáust á fjölskylduhátíðinni The Color Run í sumar. – sks

## Stefnir á topp K2 á föstudag

**SAMFÉLAG** Fjallagarpurinn John Snorri er kominn upp í fjórðu og síðustu búðirnar á K2. Stefnir hann að því að leggja af stað á toppinn laust eftir miðnætti í nótt og vera kominn á toppinn um hádegi að staðartíma á föstudaginn. Ferðin á toppinn er um tólf tímar.



John Snorri Sigurjónsson

Gönguhópurinn er búinn að tjalda en aðstæður eru frekar flóknar þar sem snjórinn nær upp að mitti. Til að hægt væri að festa tjaldið þurfti að grafa niður einn og hálfan metra. Fjórir sofa í tveggja manna tjaldi og eru göngugarparnir ávallt með súrefni, bæði þegar þeir sofa og vaka. – sg

# Ákvörðun Donalds Trump vekur hræðslu

**Formenn Trans-Íslands og Samtakanna '78 segja ákvörðun Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að banna transfólki að starfa fyrir her landsins ekki koma á óvart. Ákvörðunin markar brotthvarf frá stefnu Obama, fyrrverandi forseta.**

**MANNRÉTTINDI** „Þetta er frekar hræðilegt í fyllstu merkingu þess orðs, maður verður dálítið hræddur um hvað komi næst, hverjir verði næst fyrir barðinu og hvaða réttindi verða tekin af okkur næst,“ segir Alda Villiljós, formaður Trans-Íslands um þá ákvörðun Donalds Trump Bandaríkjaforseta að banna transfólki að starfa fyrir Bandaríkjaher.

„Þetta er ekkert sem kemur á óvart þannig séð miðað við stefnu Trumps og breytingar þessarar ríkisstjórnar í málefnum hinsegin fólks almennt. Þetta gefur til kynna hatur ríkisstjórnarinnar á hinsegin fólki og hversu tilbúin þau eru að bregðast öllum fyrri yfirlýsingum um stuðning og allt,“ segir Alda.

Trump tilkynnti ákvörðun sína í gær. „Eftir að hafa ráðfært mig við hershöfðingja og sérfræðinga tilkynni ég að ríkisstjórnin mun ekki leyfa transfólki að starfa að nokkru leyti innan Bandaríkjahers. Herinn okkar verður að einbeita sér að því að vinna skýra sigra og má ekki láta þann heilbrigðiskostnað og þá truflun sem myndi fylgja transfólki í hernum afvegaleiða sig,“ tísti forsetinn.



Alda Villiljós, formaður Trans-Íslands, segir ákvörðun Trumps ekki koma sérstaklega á óvart miðað við stefnu hans. MYND/VILLILJÓS VISUAL ART

> Það kemur mér því miður ekkert á óvart að hann skuli spila inn á þessa transfóbíu.
>
> María Helga Guðmundsdóttir, formaður Samtakanna '78



María Helga Guðmundsdóttir, formaður Samtakanna '78, tekur í svipaðan streng og Alda Villiljós. „Ég held að þetta sé nú bara bæði jafn forkastanlegt og það er fyrirsjáanlegt úr þessu tiltekna hey-



garðshorni,“ segir hún.

„Þessi pólitík sem hann stundar snýst svo mikið um að höfða til grunnra flokkadrátta og „við á móti þeim“, hún snýst alltaf á endanum upp í einhvers konar útskúfun og jaðarsetningu á viðkvæmum hópum,“ segir María Helga.

„Það kemur mér því miður ekkert á óvart að hann skuli spila inn á þessa transfóbíu sem því miður grasserar svo mikið í Bandaríkjunum.“

María Helga segist miður sín yfir stöðu mála. „Við þurfum að vera árvökul og halda áfram baráttunni,“ segir hún.

Ákvörðun Trumps markar brotthvarf frá stefnu sem Barack Obama, forveri Trumps, samþykkti á síðasta ári og átti að heimila transfólki að ganga í herinn. Í júní frestaði James Mattis varnarmálaráðherra gildistöku ákvörðunar Obama til að leyfa hernum að endurskoða stefnu sína og veita innsýn í aðbúnað og hæfi hermanna. Hefur forsetinn nú horfið alveg frá stefnu Obama.

Samkvæmt hinni óháðu Randstofnun voru í fyrra 2.450 af 1.200.000 hermönnum transfólk.

saeunn@frettabladid.is


Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn


BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Hreinsun!
80%
afsláttur
af öllum vörum
Lokadagar

# Nýr framkvæmdastjóri Sólheima hitti íbúana í gær

**SAMFÉLAG** Auður Finnbogadóttir hefur tekið við sem nýr framkvæmdastjóri Sólheima ses. Hún er ráðin tímabundið til tæps árs. Starfsfólk og íbúar Sólheima hittu Auði í gær.

Guðmundur Ármann Pétursson lét af störfum fyrr í mánuðinum. Rekstur Sólheima hefur legið undir ámæli á árinu. Réttindagæslumenn fatlaðra hafa gagnrýnt harðlega aðbúnað íbúa sem snertir réttindi og lífsgæði þeirra á Sólheimum í Grímsnesi. Þá hafa íbúar sjálfir stigið fram og lýst slökum aðbúnaði og aðstæðum á Sólheimum í viðtölum við Fréttablaðið á árinu.

„Ég get auðvitað ekki tjáð mig um einstök atriði hvað þetta varðar. Það eru auðvitað alltaf atriði til endurskoðunar sem tengjast starfinu. Það eru líka alltaf í gildi samningar við sveitarfélög sem eru ráðandi í starfinu," segir Auður sem mun koma að stefnumótandi verkefnum með framkvæmdastjórn auk þess að stýra almennum rekstri á Sólheimum.

Auður er afar reynslumikill stjórnandi og með víðtæka reynslu. Hún situr í stjórn Íslandsbanka og hefur einnig starfað sem framkvæmdastjóri Lífsverks lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar og MP banka hf. Hún hefur einnig gegnt stöðu

> Það eru auðvitað alltaf atriði til endurskoðunar sem tengjast starfinu.

stjórnarformanns Samkeppniseftirlitsins og setið í stjórn Framtakssjóðs Íslands, Icelandair Group hf., Landsnets, Norðlenska og Nýja Kaupþings banka hf. – kbg



Auður Finnbogadóttir nýr framkvæmdastjóri Sólheima, situr í stjórn Íslandsbanka. MYND/LUND

# Engar tölur til um stafrænt kynferðisofbeldi

**LÖGREGLUMÁL** Engin tölfræði er til hjá hinu opinbera um stafræn kynferðisbrot, sem skýrist af því að löggjöfin afmarkar þessa tegund kynferðisbrota ekki nægilega vel.



Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari

„Þetta eru alvarleg brot og þeim fer klárlega fjölgandi og því er mjög miður að ekki sé haldið utan um tölfræði þessara mála," segir Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari, og bendir á að stafræn kynferðisbrot eru ekki skilgreind í sérstöku ákvæði refsilöggjafarinnar.

„Þessi brot geta fallið undir fleiri en eitt ákvæði sem taka einnig til annarra brota," segir Kolbrún og bætir við að birtingarmynd þessara brota sé margvísleg og oft liður í öðrum og alvarlegri brotum eins og nauðgun. – aá

# Stærsta pöntun í sögu Marels

**VIÐSKIPTI** Marel tryggði sér stærstu pöntun í sögu fyrirtækisins í byrjun þriðja ársfjórðungs þessa árs með samningi við Costco og Lincoln Premium Poultry í Bandaríkjunum um nýja hátækni kjúklingaverksmiðju.

Þetta kom fram í afkomutilkynningu frá Marel í gær. Þar var greint frá 18,6 milljóna evra hagnaði, jafnvirði 1,94 milljarða íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi 2017, samanborið við 22,1 milljón evra hagnað á sama tímabili í fyrra.

Tekjur á öðrum ársfjórðungi námu 244,0 milljónum evra, samanborið við 264,2 milljónir á sama tímabili í fyrra. – sg

# Tímaspursmál hvenær heróín nær útbreiðslu hér á landi

**Formaður Afstöðu – félags fanga spáir því að sterk vímuefni eins og heróín og metamfetamín nái útbreiðslu hér á næstu misserum. Stjórnvöld þurfa að hans mati að bregðast við áður en framleiðsla og frekari innflutningur hefst. Erfiðlega hefur gengið að fækka þeim sem eru virkir í neyslu vímuefna í æð hér á landi.**

**SAMFÉLAG** Flest bendir til að sterk vímuefni á borð við heróín og hreint metamfetamín muni ná útbreiðslu hér á landi á næstu misserum. Þetta segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga. Sú þróun hafi til dæmis orðið á Norðurlöndum undanfarin ár og því þurfi stjórnvöld hér að bregðast við.

„Ég held að framtíðin hér á landi sé crystal meth [hreint metamfetamín]. Það er að aukast svo rosalega í kringum okkur og ég hef miklar áhyggjur af þessari þróun. Það er orðið mun auðveldara að búa það til og er komið í framleiðslu svo víða," segir Guðmundur.

Greint var frá því í fréttum Stöðvar 2 í vikunni að götuverð á lyfseðilsskyldum lyfjum hefði hækkað um allt að 80 prósent eftir að nýr lyfjagagnagrunnur lækna var tekinn upp árið 2016. Eftir að hann var tekinn í gagnið er nær ómögulegt að stunda svokallað læknaráp, þar sem fólk gengur á milli lækna til þess að verða sér úti um stóra skammta af lyfjum. Framboð á lyfseðilsskyldum lyfjum hefur þar af leiðandi minnkað og eru áhyggjur uppi um að fólk muni því frekar leita í sterkari efni sem auðveldara sé að nálgast.

Guðmundur segir að hingað til hafi mjög lítið verið um sölu á sterkustu efnunum, til dæmis heróíni. „Ég held að ástæðan fyrir því sé að menn vilji helst ekki láta kenna sig við heróín, þannig að þetta hefur bara verið innan lítils afmarkaðs hóps hér á landi. Þetta er líka erfiður markaður. Heróín er hins vegar orðið svo rosalega útbreitt að það er bara tímaspursmál hvenær þetta nær útbreiðslu hér," segir hann og bætir



Hér á landi hafa verið um 600 sprautufíklar síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Stjórnvöld þurfa að eiga samtöl við félög eins og til dæmis Afstöðu, Snarrótina og Frú Ragnheiði. Það þarf að hlusta á önnur sjónarmið.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu – félags fanga



við að auðveldara sé að flytja inn sterkari efni.

Guðmundur kallar eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum. „Við þurfum samtal á málefnalegum grunni við þá sem þetta snertir, því það hefur vantað hingað til. Stjórnvöld þurfa að eiga samtöl við félög eins og til dæmis Afstöðu, Snarrótina og Frú Ragnheiði. Það þarf að hlusta á önnur sjónarmið til þess að ná einhverjum árangri."

Líkt og Guðmundur bendir á hefur heróínnotkun víða á Norðurlöndunum verið mikil, og ber helst að nefna Noreg í því samhengi. Þá er hlutfallslegur fjöldi sprautufíkla hár í Kaupmannahöfn, Amsterdam og í Bandaríkjunum. Í kringum 600 manns hafa verið virkir í neyslu vímuefna í æð hér á landi undanfarin ár og erfiðlega hefur gengið að fækka í þeim hópi. sunnak@365.is





# ÖRYGGISSKÓR

## VISMO

NRG55 sóli sem gerir skóinn mýkri en venjulega öryggisskó




**19.900 m/vsk**

## REBOUND



**21.985 m/vsk**

## VISMO LÁGIR



**17.900 m/vsk**

## WALKSAFE



**13.900 m/vsk**

## WALKSAFE



**12.900 m/vsk**

## VELOCITY




**19.900 m/vsk**

## PACER



**14.900 m/vsk**

## BOLT

Boa reimar
Plasttá
Kevlar í sóla
Góð öndun



**16.900 m/vsk**

## INCA



**19.900 m/vsk**

## CONCHO



**20.500 m/vsk**

www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

## Ráðuneyti mátti ekki vísa kæru sjómanns frá

**STJÓRNSÝSLA** Frávísun fjármála- og efnahagsráðuneytisins á kæru sjómanns, sem vildi hnekkja úrskurði ríkisskattstjóra um skattalegt heimilisfesti sitt, var ekki í samræmi við lög. Þetta er niðurstaða umboðsmanns Alþingis.

Sjómaðurinn, sem starfaði fyrir erlend útgerðarfyrirtæki á árunum 2006 til 2010, leitaði til umboðsmanns og kvartaði yfir úrskurði ríkisskattstjóra þess efnis að hann væri heimilisfastur og þar með skattskyldur hér á landi. Hann kærði úrskurðinn til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, en ráðuneytið vísaði kærunni frá með vísan til þess að úrskurði ríkisskattstjóra um heimilisfesti væri hvorki hægt að kæra til ráðuneytisins né yfirskattanefndar.

Umboðsmaður var ósammála því og sagði frávísun ráðuneytisins ólöglega. Beindi hann þeim tilmælum til ráðuneytisins að taka mál sjómannsins aftur til meðferðar að nýju, kæmi fram ósk um það. **– kij**

## Telja aðlögun PCC réttláta

**STÓRIÐJA** PCC BakkiSilicon, sem reisir nú kísilver á Bakka við Húsavík, telur eðlilegt að fyrirtækið fái heimild til að losa fjórfalt meira af ryki en ný lög gera ráð fyrir.

Í yfirlýsingu vegna fréttar Fréttablaðsins síðasta laugardag segist fyrirtækið fagna auglýsingu Umhverfisstofnunar á væntanlegu starfsleyfi PCC. Þar er lagt til að fyrirtækið fái umrædda undanþágu fyrstu tvö starfsár verksmiðjunnar frá skilyrðum Evróputilskipunar sem var innleidd með lagabreytingu hér á landi í vor.

„Eðlilegt er að fyrirtækið fái þann aðlögunartíma sem Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir enda var búið að hanna verksmiðjuna og bygging hennar raunar komin á lokastig þegar reglurnar tóku gildi í byrjun mánaðarins,“ segir í yfirlýsingunni. Hafsteinn Viktorsson, framkvæmdastjóri PCC BakkiSilicon, sagði í samtali við Fréttablaðið á þriðjudag að fyrirtækið yrði ekki í vandræðum með hertari losunarreglur, að aðlögunartímanum liðnum. **– aá**



Hafsteinn Viktorsson

## Skógareldar hrella Frakka



Að minnsta kosti 10.000 Frakkar og ferðamenn þurftu að yfirgefa heimili sín og dvalarstaði í Suður-Frakklandi vegna skógarelda sem kviknuðu í gær. Þegar hinir nýju eldar kviknuðu höfðu aðrir skógareldar á svæðinu hrellt Frakka þannig að ljóst er að ekki batnaði ástandið. Þessir ferðaþjónustuaðilar voru að slökkva síðustu glæðurnar í rústum íbúðar í Bormes-les-Mimosas í gær en mikil eyðilegging blasti við. NORDICPHOTOS/AFP

## Launamunur kynjanna eykst

**KJARAMÁL** Vísbendingar eru um að launamunur kynjanna sé að aukast aftur. Þetta kemur fram á vef VR en niðurstöður Launakönnunar VR 2017 voru birtar í gær.

Niðurstöðurnar sýna að kynbundinn launamunur innan félagsins er 11,3 prósent í dag og hefur ekki dregist saman á síðustu árum. Munurinn mælist meiri núna en í fyrra þegar hann var tíu prósent. Árið 2014 var kynbundinn launamunur innan VR 8,5 eða tæpum þremur prósentustigum lægri en hann mælist í dag.

Draga fór marktækt úr kynbundnum launamun á árunum eftir hrun og „vonir stóðu til að munurinn héldi áfram að minnka, en þróunin síðustu ár virðist benda til þess að launamunur kynjanna sé að aukast,“ segir í umfjöllun á vef VR. **– aá**

# Lýsa því yfir að laxeldi muni bæta lífsgæði íbúa

**Horfið er frá áformum um laxeldi innarlega í Eyjafirði og er nú horft utar í fjörðinn. Arnarlax og Fjallabyggð segjast í yfirlýsingu undirbúa starfsstöð í Ólafsfirði fyrir tíu þúsund tonna framleiðslu. Skapa eigi sátt milli umhverfislegra og samfélagslegra þátta.**




Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, og Víkingur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arnarlax, undirrituðu viljayfirlýsinguna. MYND/FJALLABYGGÐ

**FISKELDI** Arnarlax og Fjallabyggð hafa gefið út sameiginlega viljayfirlýsingu um samstarf um undirbúning og könnun á forsendum þess að að setja upp starfsstöð í Ólafsfirði fyrir laxeldi fyrirtækisins í Eyjafirði. Er þar um að ræða bæði hafnaraðstöðu og eins aðstöðu í landi undir starfsemi Arnarlax hf. í Eyjafirði.

„Ef nauðsynleg leyfi fást til að hefja laxeldi í utanverðum Eyjafirði mun það hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og bæta lífsgæði íbúa svæðisins með beinum og óbeinum hætti. Verði af fyrirhuguðum áformum er ljóst að það mun skapa tugi starfa í Ólafsfirði og nágrenni,“ segir í yfirlýsingunni.

Áform Arnarlax eru um árlega framleiðslu á tíu þúsund tonnum af laxi í utanverðum Eyjafirði. Fyrirtækið keypti Fjarðalax í fyrra en það fyrirtæki hafði í árslok 2014 kynnt áform um framkvæmdir innarlega í firðinum.

Fram kemur í yfirlýsingunni að sú fyrirætlun sé endurskoðuð til að „að skapa sátt til framtíðar um uppbyggingu á sjálfbæru laxeldi í Eyjafirði“. Markmiðið sé jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og samfélagslegra aðstæðna á svæðinu.

> Ef nauðsynleg leyfi fást til að hefja laxeldi í utanverðum Eyjafirði mun það hafa jákvæð samfélagsleg áhrif og bæta lífsgæði íbúa svæðisins með beinum og óbeinum hætti.
>
> Úr yfirlýsingu um laxeldi í Eyjafirði

Arnarlax er þannig sagt vera að skoða umhverfisaðstæður við Ólafsfjörð í Eyjafirði í samstarfi við Fjallabyggð. „Sérstaklega verða skoðaðar hugmyndir um að færa eldisstaði norðar í Eyjafjörð þar sem útlit er fyrir mjög jákvæðar umhverfislegar aðstæður til framtíðaruppbyggingar og þróunar laxeldis á svæðinu.“

Uppbygging sem Arnarlax þarf er hafnaraðstaða fyrir vinnubáta, aðstaða fyrir biðkvíar og brunnbát, húsnæði fyrir fóður og ýmsan eldisbúnað, auk sláturhúss og vinnslu. Um 130 manns eru sagðir starfa hjá Arnarlaxi í seiðaeldisstöðvum, sjóeldi, vinnslu, sölu, markaðsmálum og yfirstjórn. Að auki tengist tugir annarra starfa þjónustu við Arnarlax með beinum eða óbeinum hætti.

„Störf í fiskeldi henta bæði konum og körlum með fjölbreytta menntun,“ segir í yfirlýsingunni sem undirrituð er af Gunnari I. Birgissyni, bæjarstjóra Fjallabyggðar, og Víkingi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Fjarðalax.

**gar@frettabladid.is**


ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

VOLVO PENTA

**Öflug Volvo Penta þjónusta**
Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

**Kauptu bestu varahlutina**
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



**HAFÐU SAMBAND Í DAG**
- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is


SKÓLATÖSKU
DAGAR
22.-31. JÚLÍ
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM
JEVA
Beckmann
og PULSE í miklu úrvali
Allar Jevatöskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:
• Vatnsbrúsi
• Nestisbox
• Íþróttapoki
Verðdæmi 13.499 fullt verð 17.999
Verðdæmi 13.499 fullt verð 17.999
Verðdæmi 13.124 fullt verð 17.499
Verðdæmi 2.549 fullt verð 3.399
Tölvutaska
Verðdæmi 4.874 fullt verð 6.499
Verðdæmi 6.599 fullt verð 8.799
Verðdæmi 9.374 fullt verð 12.499
Tvær töskur í einni
Verðdæmi 11.774 fullt verð 15.699
Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Eins og lögreglumaðurinn hafi séð rautt

**Vitni að meintu grófu ofbeldi tveggja lögreglumanna fyrir utan Hamborgarabúlluna í Kópavogi segir lögreglumann hafa barið ölvaðan mann með kylfu af fullum krafti. Embætti héraðssaksóknara rannsakar atvikið en maðurinn tvífótbrotnaði í aðgerð lögreglunnar.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég hef aldrei séð annað eins,“ segir Freyr Jóhannsson, vaktstjóri á Hamborgarabúllunni við Dalveg í Kópavogi, sem varð vitni að og lýsir grófu ofbeldi tveggja lögreglumanna fyrir utan staðinn í byrjun maí. Afleiðingarnar voru þær að maður sem þeir handtóku tvífótbrotnaði og annar sem með honum var hlaut einnig margs konar áverka, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Lögreglumennirnir, karl og kona, sæta rannsókn vegna málsins og eru bæði við störf hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Lögð hefur verið fram kæra á hendur þeim báðum, en samhliða því eru mennirnir tveir sem handteknir voru grunaðir um brot gegn valdstjórninni.

Freyr segir mennina tvo, sem eru pólskir, hafa komið inn á Hamborgarabúlluna og verið með nokkur læti. Þeir hafi báðir verið mjög ölvaðir. Að sögn Freys var fjölmennt inni á staðnum enda hafi atvikið átt sér stað á háannatíma, eða um kvöldmatarleytið. Freyr segir sér ekki hafa staðið á sama vegna ólátanna og því óskað eftir aðstoð lögreglu. Viðbrögðin hafi hins vegar komið honum á óvart.

„Það leit út fyrir að lögreglumaðurinn hefði haft mjög slæma reynslu af útlendingum því um leið og maðurinn byrjaði að tala útlensku var eins og lögreglumaðurinn hefði séð rautt – eins og hann væri að búast við því versta. Lögreglumaðurinn sagði alltaf: „Do you have kennitala, do you have kennitala?“ og Pólverjinn skildi ekki neitt,“ segir Freyr. Í framhaldinu hafi maðurinn verið handtekinn.




Freyr Jóhannsson varð vitni að aðgerð lögreglumannanna tveggja við Dalveg í byrjun maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Maðurinn streittist mikið á móti þegar hann var handtekinn og vinur hans sömuleiðis, því hann byrjaði að toga í manninn og lögreglumennina. Þegar hann gerði það drógu lögreglumennirnir upp kylfu og ýttu hinum niður í jörðina og börðu hann með kylfunni. Lögreglumaðurinn ýtti þessum handtekna svo inn í bílinn, en þegar maðurinn hélt áfram að streitast á móti byrjaði lögreglumaðurinn að lemja hann með kylfunni af fullum krafti og lamdi bílhurðinni ítrekað í sköflunginn á honum. Þetta var mjög harkalegt og gróft og ég hef aldrei séð annað eins.“

> Þegar maðurinn hélt áfram að streitast á móti byrjaði lögreglumaðurinn að lemja hann með kylfunni af fullum krafti og lamdi bílhurðinni ítrekað í sköflunginn á honum.

Freyr segir lögregluna svo hafa ekið af stað með þann handtekna, en skilið hinn manninn eftir. „Hinn var bara skilinn eftir hjá okkur. Hann var brjálaður og ætlaði í okkur. Hann var til dæmis mjög agressífur á móti mér og spurði hvort ég ætlaði að hringja aftur í lögregluna,“ segir Freyr og bætir við að fólki á staðnum hafi verið mjög brugðið, enda hafi þetta verið mjög alvarlegt og gróft ofbeldi af hálfu lögreglumannanna.

Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari staðfestir í samtali við Fréttablaðið að tvær kærur hafi verið lagðar fram og að málið sé til rannsóknar. Þá séu mennirnir tveir grunaðir um brot gegn valdstjórninni. Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri staðfestir að lögreglumennirnir hafi ekki verið sendir í leyfi. **olof@frettabladid.is**



# SKÓLATÖSKUDAGAR

## 30% VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM




**A.T.H. - VÖRUÚRVAL GETUR VERIÐ MISMUNANDI EFTIR VERSLUNUM**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími töskudaga er til og með 5. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Pólverjar fá mánaðarfrest til að hlýða

**Framkvæmdastjórn ESB gefur Pólverjum mánuð til að draga til baka umdeild áform um breytingar á dómskerfinu. Stjórnarandstæðingar segja ríkisstjórnarflokkinn reyna að taka sér meiri völd. Ríkisstjórnin segir dómskerfið spillt og vill skipta út dómurum.**

**PÓLLAND** Einn mánuður er til stefnu fyrir Pólverja að taka á vandamálum sem hafa komið upp við endurskipulagningu dómskerfisins þar í landi. Þetta sagði Frans Timmermans, varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á blaðamannafundi í Brussel í gær. Timmermans sagði ekki nánar frá því hvað myndi gerast ef Pólverjar hlýddu ekki en samkvæmt The Washington Post íhugar framkvæmdastjórnin að beita viðskiptaþvingunum.

„Framkvæmdastjórnin er staðráðin í að verja framgang réttvísinnar í öllum aðildarríkjum. Það er grundvallaratriði sem Evrópusambandið byggir á. Óháð dómskerfi er nauðsynleg forsenda veru í sambandinu,“ sagði forseti framkvæmdastjórnarinnar, Jean-Claude Juncker.

Endurskipulagningin sem um ræðir er framtak ríkisstjórnarflokksins Lög og regla undir forystu formannsins Jaroslaws Kaczynski og forsætisráðherrans Beata Szydlo. Að mati flokksmanna er dómskerfi landsins óskilvirkt og spillt. Telja þeir því að gagngerar breytingar þurfi að gera á kerfinu.



„Nei við einræði!“ sögðu mótmælendur sem eru ósáttir við áform um uppstokkun í dómskerfinu. NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt The Washington Post er meirihluti Pólverja sammála ríkisstjórninni en tugir þúsunda flykktust þó á götur út til að mótmæla nýlegum frumvörpum flokksins þess efnis. Töldu mótmælendur frumvörpin til þess fallin að færa Lögum og reglu enn meiri völd. Áður, eftir að flokkurinn tók við völdum árið 2015, hafði flokkurinn dregið úr valdi stjórnarskrárdómstóls landsins. Valdi sem var beitt gegn sitjandi ríkisstjórn hverju sinni teldi dómstóllinn áform hennar stangast á við stjórnarskrá Póllands.

Frumvörpin voru þrjú eins og áður segir. Eitt snerist um að dómsmálaráðherra yrði heimilt að reka hæstaréttardómara, annað um að ríkisstjórnin fengi að skipa hæstaréttardómara og það þriðja um að ríkisstjórnin fengi að skipa dómara neðri dómstiga.

Mótmæli Pólverja urðu til þess að Andrzej Duda, forseti Póllands, tilkynnti á mánudag að hann myndi beita neitunarvaldi sínu gegn tveimur fyrrnefndu frumvörpunum. Hann skrifaði þó undir það síðastnefnda.

Timmermans sagði á blaðamannafundinum í gær að hann fagnaði ákvörðun Duda en gagnrýndi aðgerðir Laga og reglu harðlega. Sagði hann meðal annars að „yfirtaka stjórnarskrárdómstólsins auki ógn á við réttarríkið“.

„Tilmæli okkar til Pólverja eru skýr. Það er kominn tími til að endurvekja sjálfstæði stjórnarskrárdómstólsins og annaðhvort draga til baka frumvörpin eða breyta þeim þannig þau séu í takt við bæði stjórnarskrá Póllands og evrópska staðla um sjálfstæði dómstóla,“ sagði Timmermans.

Varaforsetinn bætti því við að hvers kyns aðgerðir Laga og reglu til þess að reka hæstaréttardómara myndu leiða til þess að Pólverjar fengju formlega viðvörum frá framkvæmdastjórn ESB. Slíkt gæti leitt til þess að Pólverjar missi atkvæðisrétt sinn.

Vart þarf að taka fram að orð Timmermans voru forsprökkum Laga og reglu ekki að skapi. Talsmaður ríkisstjórnarinnar, Rafal Bochenek, sagði í gær að Pólverjar myndu ekki leyfa Evrópusambandinu að „kúga“ sig. Að sama skapi sagði Konrad Szymanski aðstoðarutanríkisráðherra að efasemdir framkvæmdastjórnarinnar byggðu á sandi og að Pólverjar hefðu sjálfir réttinn til þess að stýra dómskerfi sínu. **thorgnyr@frettabladid.is**




## Vantraust vegna öryggishneykslis

**SVÍÞJÓÐ** Stjórnarandstöðublokkin í Svíþjóð, sem telur 140 þingmenn, áætlar að leggja fram vantraust á hendur þremur ráðherrum minnihlutastjórnarinnar þar í landi vegna gagnaöryggishneykslis. Ráðherrarnir sem um ræðir eru Anna Johansson innviðaráðherra, Peter Hultqvist varnarmálaráðherra og Anders Ygeman innanríkisráðherra.

Líklegt þykir að vantrauststillaga yrði samþykkt en þingstyrkur ríkisstjórnarinnar er 138 þingmenn. Þá eru ótaldir þeir flokkar er standa utan blokkanna tveggja. Stærstur þeirra er Svíþjóðardemókratar, með 47 þingmenn, sem hafa lýst því yfir að þeir styðji tillöguna. Alls þarf 175 þingmenn fyrir meirihluta við tillögunni en stjórnarandstaðan og Svíþjóðardemókratar hafa 187 samtals. – þea

## Forsætisráðherra Spánar bar vitni í spillingarmáli

**SPÁNN** Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, kom í gær fyrir dómara á Spáni þar sem hann bar vitni í umfangsmiklu spillingarmáli. Málið er höfðað gegn nokkrum meðlimum flokks Rajoys, Flokks fólksins.


**Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar**

Rajoy er þar með fyrsti forsætisráðherra Spánar sem ber vitni í dómsal á meðan hann situr í forsætisráðherrastóli.

Aðspurður hvort hann hafi vitað af ólöglegri fjármögnunarstarfsemi flokksmanna og mútum frá nafnlausum styrktaraðilum sagðist Rajoy aldrei hafa orðið vitni að slíku. – þea


John McCain sneri úr veikindaleyfi til að kjósa með frumvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Heilbrigðisfrumvarpi Repúblikana hafnað

**BANDARÍKIN** Öldungadeild Bandaríkjaþings hafnaði í gær frumvarpi Repúblikana er gekk út á að fella Obamacare, heilbrigðistryggingalög Baracks Obama fyrrverandi Bandaríkjaforseta, úr gildi. Nánar tiltekið gekk frumvarpið út á að fella frumvarpið úr gildi og skipta því út fyrir annað frumvarp.

Alls kusu 57 öldungadeildarþingmenn á móti frumvarpinu í gær en 43 voru með. Repúblikanar eru í meirihluta í öldungadeildinni með 52 þingmenn en þar sem flokkurinn stóð ekki heill að baki frumvarpinu fór sem fór, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir forsetans Donalds Trump.

Forsetinn gerði heilbrigðismál að lykilmálaflokki í kosningabaráttu sinni en hann hefur margsinnis haldið því fram að Obamacare sé „að deyja“ og að „pynta þjóðina“.

Repúblikanar eru raunar þríklofnir í málinu. Meginþorri flokksins kaus með frumvarpinu, ein fylking gegn því á þeim forsendum að það gengi ekki nógu langt í frjálshyggjuátt og önnur gegn því þar sem þingmönnum fannst frumvarpið ganga of langt í niðurskurði.

**» Alls 57 öldungadeildarþingmenn kusu á móti frumvarpinu en 43 með. Repúblikanaflokkurinn stóð ekki heill að baki því.**

BBC greinir frá því að óháðir greiningaraðilar hafi komist að þeirri niðurstöðu að frumvarp gærdagsins myndi kosta 30 milljónir bandaríska skattgreiðenda sjúkratryggingar sínar.

Athygli vakti að John McCain, þingmaður Repúblikana, var viðstaddur atkvæðagreiðsluna í gær en hann var nýlega greindur með heilaæxli. Klöppuðu þingmenn ákaft fyrir honum er hann gekk inn í þingsal. McCain kaus að lokum með frumvarpinu en hann var nýlega mótframbjóðandi Obama árið 2008.

Búist er við því að næstunni leggi Repúblikanar fram frumvarp þess efnis að afnema Obamacare þegar tvö ár verða liðin frá mögulegri samþykkt frumvarpsins. Yrði það gert til þess að Repúblikanar hafi tíma til að sameinast í málinu. – þea




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík Sími 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri Sími 515 7050

mazda.is

# Engar áherslubreytingar fylgja nýjum eigendum Domino's

Domino's í Bretlandi (Domino's Pizza Group, DPG) hefur eignast ráðandi hlut í Domino's á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð. Kaup Bretanna á hlut íslenskra fjárfesta í félögunum gengu í gegn síðari hluta aprílmánaðar. Engar áherslubreytingar í rekstri Domino's hér á landi munu fylgja nýju eigendunum, að sögn forstjóra Domino's á Íslandi.

Fram kemur í nýbirtu uppgjöri DPG fyrir fyrstu sex mánuði ársins að félagið keypti tveggja prósenta hlut í Domino's á Íslandi þann 19. apríl síðastliðinn fyrir 1,28 milljónir punda eða 174 milljónir króna. Eignaðist DPG þar með ráðandi 51 prósents hlut í Domino's hér á landi. Seðlabanki Íslands þurfti að leggja blessun sína yfir kaupin.

Á sama tíma keypti breska félagið 51 prósents hlut í rekstri Domino's í Noregi og Svíþjóð af íslensku keðjunni. Var kaupverðið um 13,7 milljónir punda. Eignarhlutur DPG fór þar með úr 20 prósentum í 71 prósent.

Breska félagið keypti sig fyrst inn í rekstur Domino's á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð í júní í fyrra. Um þrjú ár eru síðan íslenskir fjárfestar, undir forystu Birgis Þórs Bieltvedt, opnuðu fyrsta pitsustaðinn í Noregi og enn styttra er frá því að fyrsti staðurinn í Svíþjóð var opnaður.

Fram kemur í uppgjörinu að sala Domino's hér á landi hafi aukist um 15,2 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins. Telja stjórnendur DPG að fjölga megi pitsustöðum keðjunnar hér um 37 prósent, eða átta staði, en þeir eru nú 22.

Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's á Íslandi, segir að horft sé til langs tíma. „Ísland er að byggjast og stækka. Við höfum verið hverfispitsustaðurinn og nú eru að byggjast upp ný hverfi. Við munum stilla okkur þangað inn. Hversu hratt það gerist fer bara eftir skipulaginu á hverjum tíma og hversu vel það gengur að byggja upp.“ **– kij**

**Við höfum verið hverfispitsustaðurinn og nú eru að byggjast upp ný hverfi. Við munum stilla okkur þangað inn.**

Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's á Íslandi



# Innkoma Costco er ekki úrslitaatriði

**Sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík segir að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um að ógilda samruna Haga og Lyfju komi ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti. Félögin séu bæði í markaðsráðandi eða mjög sterkri stöðu á sínum mörkuðum. Samruni félaganna hefði aukið samþjöppun á mörkuðum félaganna um allt land. Innkoma verslunarrisans Costco er ekki úrslitaatriði í málinu.**

Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir að möguleikar markaðsráðandi fyrirtækja til þess að stækka við sig og styrkja stöðu sína með kaupum á öðrum fyrirtækjum, sem selja að einhverju leyti sömu vörur, séu takmarkaðir. Viðbúið sé að slík kaup hringi viðvörunarbjöllum hjá Samkeppniseftirlitinu sem taki þau til mjög nákvæmrar skoðunar.

Í samtali við blaðið segir Heimir Örn að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um að kaup smásölufélagsins Haga á lyfjafélaginu Lyfju hefðu haft skaðleg áhrif á samkeppni komi ekki eins og þruma úr heiðskíru lofti. „Ég fæ ekki betur séð en að samþjöppun á öllum mörkuðum sem félögin tvö starfa á myndi aukast, miðað við þær viðmiðanir sem Samkeppniseftirlitið notar.“

Það eigi sérstaklega við um vissa skilgreinda undirmarkaði í málinu, svo sem hreinlætis- og snyrtivörumarkaðinn, þar sem félögin eru harðir keppinautar.

„Niðurstaða eftirlitsins er sú að staða hins sameinaða félags yrði mjög sterk, sums staðar yfirburðastaða, á undirmörkuðunum um allt land,“ segir Heimir Örn.

Hann nefnir að félögin séu markaðsráðandi eða í mjög sterkri stöðu á yfirmörkuðum sínum. Þegar slík félög hafi hug á að efla stöðu sína með kaupum á öðru félagi hringi það alla jafna viðvörunarbjöllum hjá samkeppnisyfirvöldum.

„Þau reyna þá að leggja mat á hversu mikið markaðirnir muni þjappast saman. Ef samþjöppun er að verða of mikil á mörkuðum sem eru þegar samþjappaðir eru líkur til þess að samkeppnisyfirvöld taki það til sérstakrar skoðunar og grípi inn í. Slík samþjöppun veitir vísbendingu um að samkeppnin verði enn veikari eftir samrunann.“

Margir forystumenn í atvinnulífinu hafa bent á að samkeppnisumhverfið á smásölumarkaði sé að gerbreytast, svo sem með aukinni netverslun og innreið bandaríska verslunarrisans Costco á innlendan markað. Innlendir smásalar verði að geta brugðist við þessari þróun með aukinni hagræðingu og mögulega sameiningum.

Heimir Örn segir samkeppnisyfirvöld ekki mega loka augunum fyrir möguleikum félaga til þess að hreyfa sig og sameinast öðrum félögum. Yfirvöld verði hins vegar ávallt að meta hvort slíkir samrunar séu líklegir til þess að veikja samkeppni.

Tilfinningar sem menn kunni að hafa fyrir því að samkeppnisumhverfið sé að breytast varði ekki miklu sem slíkar. Það þurfi að vera hægt að mæla slíkar breytingar.

Eins og kunnugt er var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á þessu stigi væru ekki forsendur til að ætla að innkoma Costco hefði dregið verulega úr sterkri stöðu Haga. Of snemmt væri að segja til um hvaða áhrif Costco muni hafa til lengri tíma litið. Heimir Örn segir niðurstöðuna ekki koma á óvart.

„Það er ekki algjört úrslitaatriði í sjálfu sér hvort nýr keppinautur, alþjóðlegur risi, sé kominn á markaðinn. Það þarf að liggja fyrir með mælanlegum hætti að slíkur keppinautur sé líklegur til þess að hafa raunverulegar breytingar í för með sér. Mér sýnist að eftirlitið hafi reynt að meta það og niðurstaðan er sú að eins og sakir standa er ekki hægt að fullyrða að innkoma Costco muni breyta sterkri stöðu sameinaðs félags Haga og Lyfju verulega.

Það getur vel verið að reynslan muni leiða annað í ljós og að forsendur eigi eftir að skapast fyrir samruna af þessu tagi, en í dag er það að minnsta kosti ekki þannig.“

**kristinningi@frettabladid.is**



**Það var mat Samkeppniseftirlitsins að kaup smásölurisans Haga á lyfjafélaginu Lyfju hefðu verið til þess fallin að skaða samkeppni, almenningi og atvinnulífi til tjóns. Ógilti stofnunin af þeim sökum samrunann.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gefur ekki fyrirheit um það sem koma skal

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í máli Haga og Lyfju gefur ekki endilega fyrirheit um væntanlegar niðurstöður stofnunarinnar í öðrum samrunamálum sem hún hefur tekið til skoðunar, að mati þeirra sérfræðinga í samkeppnisrétti sem Fréttablaðið ræddi við. Samkeppniseftirlitið rannsakar um þessar mundir möguleg samkeppnisleg áhrif kaupa Haga á Olís og N1 á Festi.

Bent er á að síðarnefndu samrunarnir tveir séu nær því að vera samsteypusamrunar en samruni Haga og Lyfju, en samsteypusamrunar eru samruni tveggja félaga sem starfa ekki á sama markaði. Þannig hafi samkeppnisyfirvöld skilgreint þjónustubensínstöðvar, þar sem boðið er upp á ýmsar vörur, sem annan markað heldur en dagvörumarkað. Það auki líkurnar á því að samkeppnisyfirvöld leggi blessun sína yfir kaupin tvo, en setji þeim mögulega ákveðin skilyrði.

**Það er ekki algjört úrslitaatriði í sjálfu sér hvort nýr keppinautur, alþjóðlegur risi, sé kominn á markaðinn.**

Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík








# Íslendingar hættir við að kaupa Seachill

Íslenski fjárfestahópurinn sem lagði fyrr í sumar fram kauptilboð í Seachill, dótturfélag Icelandic Group í Bretlandi, hefur hætt við kaupin. Erlent félag, sem tengist ekki sjávarútvegi, er nú sagt eiga í einkaviðræðum við stjórn Icelandic Group um kaup á Seachill.

Félagið Steinasalir, sem er meðal annars í eigu íslenskra sjávarútvegsfélaganna Brims, Þorbjarnar, Hraðfrystihúss Hellissands, Kambs, KG fiskverkunar, Sæmarks, Fishproducts Iceland og fagfjárfestasjóðsins Akurs, ákvað fyrr í vikunni að segja sig frá söluferlinu. Sama félag keypti belgíska félagið Gadus af Icelandic fyrr á árinu.

Stjórn Icelandic Group, sem er að fullu í eigu Framtakssjóðs Íslands, ákvað í apríl síðastliðnum að hefja söluferli á Seachill. Félagið, sem var stofnað árið 1998, er leiðandi framleiðandi kældra fiskafurða inn á breska smásölumarkaðinn, en tekjur þess námu um 266 milljónum punda, sem jafngildir um 36,3 milljörðum króna, í fyrra.

Í frétt Undercurrent News segir að kaupverðið á Gadus hafi numið allt að fjörutíu milljónum evra, eða 4,9 milljörðum króna, sem er um áttfaldur rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBIDTA). EBIDTA Seachill nam um 10,4 milljónum punda, sem jafngildir um 1,4 milljörðum króna, í fyrra þannig að ætla má að mögulegt kaupverð á félaginu geti numið yfir tíu milljörðum króna.

Vöxtur Seachill frá stofnun hefur að miklu leyti byggst á náinni samstarfi við Tesco, stærstu smásölukeðju Bretlands, en félagið hefur lengi séð Tesco fyrir fjölbreyttu úrvali sjávarafurða.

Söluferlið er í höndum Íslandsbanka og Oghma Partners. **– kij**




**Smásölukeðjan Tesco er helsti viðskiptavinur Seachill.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






# RALPH LAUREN

## DAGAR Í HAGKAUP SMÁRA, GARÐABÆ, SKEIFU, AKUREYRI OG SELFOSSI

27. JÚLÍ – 9. ÁGÚST.



## Kaupaukinn þinn

þegar þú kaupir Ralph Lauren vörur fyrir 7.500 kr eða meira.

Þitt er valið:
Svört og rauð herrataska eða bleik dömutaska.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RALPH LAUREN DÖMU OG HERRAILMUM**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*


SUMARSALA
20-40%
AFSLÁTTUR FYRIR GARÐINN
Laufhrífa
579
Áður kr. 890
35%
AFSLÁTTUR
Garden tools
Slöngusamtengi
98
áður 150 kr.
(mikið úrval tengja)
meister
PVC-Schlauch
Meister Slanga ½" 20m
Áður kr. 1.980
1.287
286
Áður kr. 440
35%
AFSLÁTTUR
Tia - Garðverkfæri
319 kr. pr. stk.
Áður kr. 490
35%
AFSLÁTTUR
Verð frá
1.424
Áður kr. 2.190
1.554
Áður kr. 2.390
35%
AFSLÁTTUR
1.099
Áður kr. 1.690
1.164
Áður kr. 1.790
Meister Kantskeri 850mm
1.099
Áður kr. 1.690
35%
AFSLÁTTUR
MIKIÐ
ÚRVAL
Malarhrífa
1.229
Áður kr. 1.890
30%
AFSLÁTTUR
Haki
1.743
Áður kr. 2.490
35%
AFSLÁTTUR
Garðúðari. Ál, 3 arma.
1.099
Áður kr. 1.690
25%
AFSLÁTTUR
MESTO
Mesto 3130G úðabrúsi
Universal 1,5 líter
1.260
Áður kr. 1.680
25%
AFSLÁTTUR
Proflex Nitril
vinnuhanskar
296
Áður kr. 395
Bíla & gluggaþvottakústur,
gegn um rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun
1.554
Áður kr. 2.390
35%
AFSLÁTTUR
15m Garðslanga með tengjum
904 Áður kr. 1,390
25%
AFSLÁTTUR
PRETUL
PRETUL úðadæla
5 l. Trup 24685
1.868
Áður kr. 2.490
INDUCTION
MOTOR POWERED
Lavor Vertico 20
háþrýstidæla
140bör 400 L / klst.
19.793
Áður kr. 29.990
35%
AFSLÁTTUR
35%
AFSLÁTTUR
MJÖG ÖFLUG
dæla 16,7kg
Mei-9993150
Upptínslutól 60cm
962
Áður kr. 1.480
Meister jarðvegsdúkur
9961360 5x1,5 meter
286 Áður kr. 440
35%
AFSLÁTTUR
20%
AFSLÁTTUR
34%
AFSLÁTTUR
Meister smellukrókar
f/ Garðverkfæri - 5 stk.
Áður kr. 1.180
767
Sterkir Cibon strákústar
45cm 837 kr. Áður 1.395
60cm 1.137 kr. Áður 1.895
PLAST
BLÓMAPOTTAR
35%
AFSLÁTTUR
LAVOR
Lavor Space 180
háþrýstidæla
19.992
Áður kr. 24.990
180 Max bar 510 L / klst.
Pallahreinsir, bursti
og aukaspíssar.
40%
AFSLÁTTUR
Universal
Pflanzerde
MÚRBÚÐIN
30%
AFSLÁTTUR
Gróðurmold 20 l
343
Áður kr. 490
40%
AFSLÁTTUR
20%
AFSLÁTTUR
Made by Lavor
25 stk. 110 lítra ruslapokar 796 Áður kr.995
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. 636 (65my) Áður kr. 795
Cibon Fúgu vírbursti
3x10 laga m/skafti
894
Áður kr. 1.490
Leca blómapottamöl 10 l.
743
Áður kr. 990
25%
AFSLÁTTUR
Superseal
CLEAR GUARD
40%
AFSLÁTTUR
PVC húðað vírnet
65cmx15 metrar
Áður kr. 4.695
2.817
Leca
Leca® flower
10 liter
DEKA SÍLAN
vatnsfæla 5 lítrar
4.485
Áður kr. 5.980
25%
AFSLÁTTUR
1 lítri
1.185
Áður kr.
1.580
Steypugljái
á stéttina
– þessi sem endist

# 20-25% AFSLÁTTUR AF VIÐARVÖRN OG MÁLNINGU

20% AFSLÁTTUR
Bostik medium LH spartl 10 lítrar
**2.952**
Áður kr. ~~3.690~~

20% AFSLÁTTUR
Deka Projekt 05 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
**4.712** Áður kr. ~~5.890~~

20% AFSLÁTTUR
Þakmálning 10 lítrar (Rauð/Svört)
**7.192** Áður kr. ~~8.990~~

20% AFSLÁTTUR
Alva Veggjamálning , 9 lítrar (stofn A)
**6.392** Áður kr. ~~7.990~~

30% AFSLÁTTUR
Bio Kleen pallahreinsir 5 lítrar
**2.093** Áður kr. ~~2.990~~
1 líter kr. **627** Áður kr. ~~895~~

25% AFSLÁTTUR
Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill - Sett
**1.118** Áður kr. ~~1.490~~

20% AFSLÁTTUR
Bostik spartl 250ml
**392** Áður kr. ~~490~~

25% AFSLÁTTUR
DEKAPRO útimálning, A stofn 10 L
**5.618** Áður kr. ~~7.490~~

20% AFSLÁTTUR
Hagmans 2 þátta Vatnsþ / epoxy 4kg
**7.992** Áður kr. ~~9.990~~

20% AFSLÁTTUR
Landora London Veggmálning, 9L.
**4.712** Áður kr. ~~5.890~~

20% AFSLÁTTUR
Bostik málarakýtti
**272**
Áður kr. ~~340~~

20% AFSLÁTTUR
Landora tréolía Col-51903 3 l.
**1.584** Áður kr. ~~1.980~~

20% AFSLÁTTUR
Oden þekjandi viðarvörn 2,8 l, A stofn
**3.912** Áður kr. ~~4.890~~

20% AFSLÁTTUR
ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
**2.944** Áður kr. ~~3.680~~

20% AFSLÁTTUR
Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**1.592**
Áður kr. ~~1.990~~

20% AFSLÁTTUR
Deka-Filt
Filtunarmúr 25 kg.
**1.432**
Áður kr. ~~1.790~~

**Furukrossviður** (122x244cm)
9mm, Verð áður ~~3.190 kr.~~ verð **2.552**
15mm, verð áður ~~4.690 kr.~~ verð **3.987**
18mm, verð áður ~~5.480 kr.~~ **4.658**

Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

20% AFSLÁTTUR
Áltrappa 3 þrep
**3.192**
Áður kr. ~~3.990~~
4 þrep **3.952** áður ~~4.940~~
5 þrep **5.112** áður ~~6.390~~
6 þrep **5.592** áður ~~6.990~~
7 þrep **6.392** áður ~~7.990~~

30% AFSLÁTTUR
Lutool Combo Kit allt settið aðeins
**10.493**
Áður kr. ~~14.990~~
Skrúfvél 12V
Stingsög - Sverðsög 12V
Fjölnotatæki 300W

Asaki Höggborvél 800w
**8.985**
Áður kr. ~~11.980~~
25% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR
Lutool fjölnotatæki
**5.243**
Áður kr. ~~6.990~~

25% AFSLÁTTUR
Asaki Hitabyssa 2000w
**4.418**
Áður kr. ~~5.890~~
25% AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR
LFD 90AL70x33x100 cm
**7.493**
Áður kr. ~~9.990~~

25% AFSLÁTTUR
Asaki Slípirokkur 125mm, 850w
**5.235**
Áður kr. ~~6.980~~

25% AFSLÁTTUR
LLA-211
PRO álstigi/trappa 2x11 þrep
**12.743**
Áður kr. ~~16.990~~

25% AFSLÁTTUR
LLA-110
Álstigi 10 þrep
**4.680**
Áður kr. ~~6.240~~
8 þrepa **4.568** Áður kr. ~~6.090~~
12 þrepa **5.543** Áður kr. ~~7.390~~

35% AFSLÁTTUR
Drive-HM-140 1600W - 14cm hræripinni - 2 hraðar
**14.944**
Áður kr. ~~22.990~~

25% AFSLÁTTUR
LuTool fjölnota sög 600W fyrir málm, við, flísar og steypu, 3 blöð fylgja
**10.493**
Áður kr. ~~13.990~~

30% AFSLÁTTUR
LuTool gráðukúttsög 255mm blað
**18.823**
Áður kr. ~~26.890~~
Sög með 305mm blaði
**26.918** Áður ~~35.890~~
Sög á mynd m. 305mm blaði

20% AFSLÁTTUR
LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**15.192**
Áður kr. ~~18.990~~

25% AFSLÁTTUR
Drive160 L
steypuhrærivél
**29.918**
Áður kr. ~~39.890~~

20% AFSLÁTTUR
Lutool 24V Li-Ion Rafhlöðuborvél
**8.704**
Áður kr. ~~10.880~~

30% AFSLÁTTUR
Lutool borð undir kúttsög
**13.923**
Áður kr. ~~19.980~~

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

Gildistími tilboða er til 19/8/2017 á meðan birgðir endast.

# Ástand heimsins







1 Þessi tyrkneski slökkviliðsmaður fylgdist í gær með skógareldum í Izmir. Talið er að eldarnir spanni allt að 100 hektara svæði.

2 Palestínskir hermenn, hliðhollir Hamas-samtökunum, tóku í gær þátt í heræfingu í Gasaborg. Um þessar mundir stendur yfir hörð deila Palestínumanna við Ísraela vegna strangrar öryggisgæslu þeirra síðarnefndu á Musterishæðinni í Jerúsalem.

3 Þessari rússnesku Soyuz MS-05 geimflaug var skutlað á skotpallinn í Baikonur í Kasakstan í gær. Flaugin mun ferja geimfarana Randy Bresnik, Paolo Nespoli og Sergei Rjasanskí í Alþjóðageimstöðina á morgun.

4 Bangladessi teymir nytjahjól sitt yfir götu í höfuðborginni Dakka. Flóðvatnið hefur þó valdið honum töluverðum vandræðum við þetta verkefni sem annars væri einfalt en úrhelli hefur verið víðs vegar um landið undanfarna daga.

MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP







ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
SENDUM FRÍTT
ÚR VEFVERSLUN
10% AUKA AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU
Lín
DESIGN
SMÁRATORGI | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# Gegn hnignun



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Miðað við þá erfiðleika sem fyrstu kynslóðir Íslendinga bjuggu við og það vonleysi sem blasti við þeim vegna náttúruvár og ýmissa áfalla er merkilegt að hér á landi hafi byggst upp og þrifist samfélag.

Eins og Jared Diamond rekur í bók sinni Collapse: How Societies Choose to Fail or Succeed er ekkert annað land í Evrópu sem hefur þurft að þola meira vistfræðilegt tjón en Ísland. Diamond notar Ísland sem dæmi til að styðja þá kenningu sína að maðurinn verði almennt ekki var við hægfara eyðileggingu landkosta. Við landnám Íslands í kringum árið 870 náði skóglendi yfir um fjórðung landsins en langstærstur hluti þess var horfinn aðeins örfáum áratugum síðar. Þá hefur ekkert land í Evrópu orðið fyrir meiri jarðvegseyðingu. Stærsta vandamálið sem landnemarnir stóðu frammi fyrir var viðkvæmur jarðvegur Íslands sem á yfirborðinu leit nákvæmlega eins út og sá sem þeir höfðu vanist í Noregi og Bretlandi. Jarðvegurinn hafi hins vegar myndast hægar og eyðst hraðar hér á landi. Diamond bendir á að landnemarnir á Íslandi hafi verið í góðri trú þegar þeir beittu nákvæmlega sömu aðferðum í landbúnaði hér og þar með skelfilegum afleiðingum.

Reynslan er miskunnarlaus kennari og með tímanum breyttu menn um kúrs til að aðlagast og íslenskt samfélag lifði af. Ísland fór síðan frá því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu yfir í eitt ríkasta samfélag heims þegar þjóðartekjur á mann eru annars vegar. Erfiðleikar landnemanna sýna okkur hvað aðlögunarhæfni byggð á þekkingu og reynslu skiptir miklu máli og hvað það getur í raun lítið skilið á milli feigs og ófeigs þegar samfélög byggjast upp.

Með þetta í huga er áhugavert að velta fyrir sér stöðu Íslands á 21. öldinni. Hvernig mun Íslendingum reiða af og hvernig mun okkur farnast við að byggja áfram upp verðmætasköpun í þeim atvinnugreinum sem skila okkur tekjum á sjálfbæran og farsælan hátt þannig að við getum skilað landinu til næstu kynslóða með góðri samvisku? Íslendingar hafa borið gæfu til farsællar auðlindanýtingar þegar kemur að sjávarútvegi, jarðhita og nýtingu vatns til rafmagnsframleiðslu með vatnsaflsvirkjunum. Við eigum jafnframt gríðarleg vatnsverðmæti þegar vatn er að verða þverrandi auðlind í heiminum.

Ein stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir núna er að tryggja stöðuga uppbyggingu ferðaþjónustunnar svo hún festi varanlega rætur sem öflug atvinnugrein. Þannig að gott gengi hennar um þessar mundir verði ekki aðeins skammvinn uppsveifla sem skrifast á tískustrauma og breytingar á smekk ferðamanna. Í því sambandi er mikilvægt að hafa hugfast að orðspor skiptir máli. Við verðum að byggja upp innviði til að taka á móti öllum þeim fjölda sem hingað kemur, við verðum að dreifa fjöldanum betur um landið og við verðum að gæta þess að verðleggja okkur ekki út af markaðnum með græðgi. Lítið getur skilið á milli feigs og ófeigs þegar samfélög blómstra eða hnigna. Það sama gildir um einstakar atvinnugreinar.

**Ísland fór síðan frá því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu yfir í eitt ríkasta samfélag heims þegar þjóðartekjur á mann eru annars vegar.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Vonbrigði**

**Fylgi Bjartrar framtíðar veldur Björt Ólafsdóttur umhverfisráðherra vonbrigðum. Lýstu hún þeirri skoðun sinni í gær. Ekki er nema von að fylgið sé ekki gleðiefni fyrir flokksmenn enda mælist flokkurinn í 2,4 prósentum. Jafnvel þótt flokkurinn tvöfaldaði það fylgi næði hann ekki manni inn á þing, yrði kosið í dag.**

**En auðvitað er ekki kosið í dag og þótt tveir ríkisstjórnarflokkar mælist úti er minna en ár liðið af kjörtímabilinu. Margt gæti breytt fylginu á næstu árum. Það er ekki einu sinni útilokað að geimverur komi til jarðar. Ljóst er þó að Viðreisn og Björt framtíð þurfa að bretta upp ermar og hrífa fólkið með sér.**

**Veðrið**

**Stórkostlegt veður átti að vera á höfuðborgarsvæðinu, og víðar, í gær. Spáð var sól og blíðu og þar fram eftir götunum. Pistlahöfundur er ekki með þessum orðum að reyna að skjóta á Veðurstofuna. Hins vegar mátti þokan sem hrellti höfuðborgarbúa í gær alveg missa sín.**

**Það gæti ef til vill verið verkefni Bjartrar framtíðar og Viðreisnar, sem og fleiri flokka sem eru í basli með fylgi, að taka á þessu mikilvæga forgangsmáli.**

thorgnyr@frettabladid.is

# Ólíkt hafast ráðherrar að



Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur

Fréttir hafa birst um að Íbúðalánasjóður hyggist selja um 300 íbúðir í eigu sjóðsins á SV-horninu til sveitarfélaga. Íbúðirnar, sem sjóðurinn leysti til sín á sínum tíma, eru í útleigu. Margir leigjendur þessara íbúða er fólk sem átti þær áður, en hefur fengið að leigja þær af Íbúðalánasjóði á viðráðanlegu verði eftir að sjóðurinn leysti íbúðirnar til sín í kjölfar efnahagshrunsins. Margir leigjendur þessara íbúða hafa hærri tekjur en þröng tekjumörk sveitarfélaga setja til að mega leigja félagslegt húsnæði (m.v. 240 þúsund krónur brúttó á mánuði).

Ef leigjendur þessara íbúða missa þennan leigusamning eru þeir settir í óvissu á leigumarkaði sem einkennist af skömmum leigutíma og háu leiguverði. Þorsteinn Víglundsson félagsmálaráðherra hefur beðið Íbúðalánasjóð að bíða með að selja íbúðirnar meðan unnið er að lausn þeirra leigjenda sem búa í íbúðunum. Ég styð þessa beiðni Þorsteins. Ein tillaga að úrlausn er að setja á laggirnar sérstakt opinbert leigufélag sem tekur yfir þessar eignir og heldur áfram að leigja þær út til þeirra sem vilja, til langs tíma og óháð tekjum.

Á sínum tíma starfaði leigufélagið Klettur, sem var í eigu Íbúðalánasjóðs, sem leigði fólki óháð tekjum til langs tíma á viðráðanlegu verði og veitti 450 fjölskyldum skjól og öryggi. Leigufélagið Klettur var selt til leigufélags í eigu Gamma og leigjendur sem bjuggu áður við langtímaleigu og viðráðanlegt leiguverð þurftu að greiða 40-50% hærri leigu í skilyrtan leigutíma, eða til eins árs í senn.

Leigufélagið Klettur var selt í ráðherratíð Eyglóar Harðardóttur sem gerði lítið sem ekkert til að koma í veg fyrir söluna eða leita annarra lausna og jók því húsnæðisvanda fólks sem áður leigði hjá leigufélaginu. Það ber að hrósa Þorsteini fyrir þá viðleitni að verja hagsmuni leigjenda og leita lausna í stað þess að selja ofan af þeim heimili þeirra.

**Ef leigjendur þessara íbúða missa þennan leigusamning eru þeir settir í óvissu á leigumarkaði sem einkennist af skömmum leigutíma og háu leiguverði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,
ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Er gengið rétt?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Hvenær er gengið rétt og hvenær er gengið ekki rétt? Fari í helvíti sem gengið er rétt. Og þó. Þetta hefði Jón Hreggviðsson getað sagt um gengi krónunnar, býst ég við, nema þá var krónan ekki til. Krónan varð ekki til sem sjálfstæð þjóðmynt á Íslandi fyrr en 1886 og hún hefur á langri leið lent í ýmsum hremmingum. Samtök atvinnulífsins lýstu þessu vel í skemmtilegri stuttmynd á ársfundi samtakanna í fyrra.

**Sagan**

Förum fljótt yfir sögu. Raungengi krónunnar, þ.e. gengið eins og það kemur af skepnunni ásamt leiðréttingu fyrir verðlagsþróun heima og erlendis, hækkaði um 100% í fyrri heimsstyrjöldinni 1914-1918. Raungengið tvöfaldaðist vegna verðbólgu hér heima langt umfram verðbólgu í nálægum löndum þótt nafngengi krónunnar eins og það var skráð í bönkunum héldist fram til 1920 óbreytt í hlutfallinu 1:1 gagnvart danskri krónu. Þetta er holl áminning um að raungengið flýtur þótt nafngengið sé fast. Fast gengi, þ.e. fast nafngengi, er engin allsherjartrygging fyrir stöðugleika.

Um 1920 tók íslenzka krónan að falla gagnvart dönsku móðurmyntinni og kostaði hver dönsk króna um 1,20 íslenzkar frá 1922 til 1932 þegar gengið náði aftur hlutfallinu í 1:1 gagnvart dönsku krónunni. Hélzt sú skipan ásamt stöðugu raungengi fram til 1939 enda var gengi krónunnar haldið föstu gagnvart sterlingspundi 1925-1939. Eftir það, þ.e. í heimsstyrjöldinni síðari, hækkaði raungengi íslenzku krónunnar aftur um 100% vegna verðbólgu hér heima umfram verðbólgu í nálægum löndum líkt og gerzt hafði einnig í fyrra stríði. Blessað stríðið, sögðu menn, því hærra gengi fylgdi meiri kaupmáttur almennings. Árin 1939-1960 var raungengið um 50%-100% hærra en það hafði áður verið og átti síðar eftir að vera.

Háu gengi með tilheyrandi höftum og skömmtun var haldið við lýði allar götur fram til 1960 þegar viðreisnarstjórnin leysti hnútinn með gengisfellingu, hinni fyrstu af mörgum sem á eftir komu, m.a. ásamt uppstokkun sjávarútvegsstefnunnar. Útvegurinn var tekinn af beinu ríkisframfæri og settur á óbeint framfæri ríkisins með gengisfellingum eftir pöntun o.fl. í þeim dúr.

Árin 1960-1990 hélzt raungengið á svipuðu róli og verið hafði 1914, stundum hærra, stundum lægra. Raungengið var of hátt þessi ár líkt og fyrr í þeim skilningi að það hefði verið lægra hefði útvegurinn sem var þá helzti útflutningsatvinnuvegur landsmanna þurft að standa á eigin fótum og hefði verðbólgan verið minni. Þá hefðu aðrar útflutningsgreinar trúlega náð að festa rætur við hlið útvegsins og ekki bara stóriðja fyrir tilstilli ríkisins og á óbeinu framfæri þess einnig eins og nýlegar upplýsingar um lágt orkuverð og skattaívilnanir handa erlendum orkukaupendum vitna um.

**Hrunið**

Í hruninu 2008 tók raungengið djúpa dýfu, lækkaði um þriðjung, og hefur síðan hækkað aftur smám saman í fyrra horf. Í fyrra, 2016, var raungengið orðið eins og það hafði verið 1914 og 1960-1990. Sem sagt: Enn of hátt.

En bíðum við. Í hruni fellur gengið jafnan meira en tilefni er til. Það gerðist t.d. í kreppunni í Austur-Asíu 1997-1998 og aftur hér heima í hruninu. Gengishækkunin frá hruni er því öðrum þræði leiðrétting en stafar einnig af því að ferðaútvegurinn aflar nú erlends gjaldeyris í stórum stíl. Innstreymi erlendra ferðamanna á talsverðan þátt í gengishækkuninni eftir hrun líkt og innstreymi erlends lánsfjár keyrði gengi krónunnar upp á við fyrir hrun. Lánsfé og ferðamenn geta skipt um skoðun, þ.e. snúið við.

**Framtíðin**

Þeir sem telja að ferðamenn muni halda áfram að flykkjast til landsins sjá ekki ástæðu til að efast um áframhaldandi innstreymi erlends gjaldeyris og telja því að gengi krónunnar nú sé rétt og eigi varla eftir að falla. Aðrir efast um að ferðamenn haldi áfram að streyma hingað heim eins og hingað til enda voru erlendir ferðamenn miklu færri hér fyrir hrun þar eð landið þótti þá of dýrt.

Gengishækkun krónunnar frá hruni hefur hleypt upp verðinu á ýmsu því sem ferðamenn kaupa hér en ekki öllu. Tveir kostnaðarliðir í bókhaldi ferðamanna eru léttvægari en áður. Gistikostnaður hefur lækkað til muna vegna aukins framboðs gistirýmis, einkum gegnum vefsetur eins og Airbnb. Hinn liðurinn er flugfargjöld sem hafa haldizt lág vegna lágs heimsverðs á olíu.

Ýmislegt bendir til að báðir þessir kostnaðarliðir eigi eftir að hækka á næstu misserum. Æ fleiri borgir leitast nú við að draga úr umfangi heimagistingar vegna þess rasks sem hún þykir kalla yfir heimamenn. Fyrsta skrefið í þessa átt hér heima er nýlegt bann við rútuferðum um miðborg Reykjavíkur. Heitstrengingar stjórnvalda um ráðstafanir gegn hlýnun loftslags virðast jafnframt líklegar til að leiða til gjaldtöku af flugsamgöngum til að fækka flugferðum og draga úr losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.

Fari svo getur Ísland aftur orðið jafndýrt í augum útlendinga og það var fyrir hrun. En þá er þess að gæta að landið hefur í millitíðinni getið sér góðan orðstír meðal ferðamanna. Kannski það dugi. Kannski ekki. Og þó. Hvað segir Jón Hreggviðsson?

ALLTAF
VIÐ HÖNDINA



Þú getur alltaf nálgast Fréttablaðið á þægilegan og fljótlegan hátt. Blaðið er einnig aðgengilegt í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
Download on the App Store | GET IT ON Google Play | Get it from Microsoft

# KRÓNAN




FRÁ USA TIL ÞÍN

**1199** kr. kg

Kirsuber, 1kg. USA

LÍFRÆNT VOTTAÐ




**Gott verð!**



**299** kr. pk.

Plómu-apríkósur 500 g. Spánn

**399** kr. pk.

Grøn Balance lífrænar plómur, 300 g

Tilboðin gilda til 31. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**100% hamborgara-búðin þín!**

90g - 459 kr. pk.
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

**Gott á borgarann**




**689** kr. stk.
Shake & Pizza beikonsulta




**399** kr. stk.
Fabrikku sósa 300 ml










Hamborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
**1329** kr. pk.
2 stk. í pakka, 100% ungnautahamborgarar

Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
**1999** kr. pk.
12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar

Tilboðin gilda til 31. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
New York marinerað
Kolagrill marinerað
Hvítlauks og rósmarín marinerað
-20%
1299 kr. kg
Lambalæri - úrval marineringa
Verð áður 1658 kr. kg
-20%
Lambalæri, ókryddað
1199 kr. kg
Verð áður 1499 kr. kg
Krónan mælir með!
#Grillsnilld
KRÓNAN
3999 kr. kg
Ungnautasteikur - entrecote /ribeye, Írland
Tilboðin gilda til 31. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

Ódýrt

Ódýrt




**399** kr. pk.

Krónu orkupoki, 350 g

Ódýrt

## Gott í ferðalagið




**89** kr. stk.

Instant hafragrautur, 57 g




**199** kr. pk.

Gestus rískex með súkkulaði




# Hugmynd frá almenningi!



**Ögmundur Jónasson**
fyrrverandi innanríkisráðherra

Ekki er liðið ár frá síðustu alþingiskosningum. Enn styttri tími frá stjórnarmyndun. Þau voru ófá sem þótti ámælisvert að Björt framtíð skyldi verða til þess að færa Sjálfstæðisflokknum stjórnartaumana í hendur, töldu að þar með væri Björt framtíð að ganga erinda fjármagnsins.

Nú fjölgar þeim sem hafa snúið dæminu við og áfellast Sjálfstæðisflokkinn fyrir að greiða götu Bjartrar framtíðar að Stjórnarráðinu, svo mjög gangi sá flokkur erinda gróðaaflanna á kostnað almennings.

Er þar sérstaklega horft til framgöngu heilbrigðisráðherrans sem heldur með okkur sífellt lengra út í fen markaðsvæddrar heilbrigðisþjónustu. Gengur hann þar enn lengra en forveri hans úr Sjálfstæðisflokknum, sem illu heilli vildi koma á kerfi Miltons Friedmans um að fjármagn fylgi sjúklingi þannig að heilbrigðisstofnanir keppist um það sín í milli að fá sjúklinga í viðskipti. En forverinn vildi banna arðtöku úr slíkum samkeppnisrekstri. Núverandi ráðherra sýnir engan lit í þá veru.

Að því marki sem hann yfirleitt sýnir lit, þá er það á sveif með fjárfestum og nægir þar að minna á að hann hefur látið óátalið að Klíníkin reki legudeild og er þar kominn enn einn vísir að heilbrigðiskerfi á arðsemisforsendum. Allt fjármagnað úr ríkissjóði.

Aldrei má horfa framhjá því að ekki er um að ræða raunverulegan einkabisniss, heldur heimild fjárfestum til handa að seilast ofan í vasa almennings í gegnum heilbrigðiskerfið. Handlangarar þeirra á Alþingi sjá um að þetta geti gengið greiðlega fyrir sig.

Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra segir að samkeppni um sjúklinga auki gæði þjónustunnar og muni gera hana skilvirkari. Lengra gengur hann ekki í umræðu um málið. Hann svarar aldrei efnislegum rökum þeirra sem benda á að reynslan erlendis sýni að slíkt fyrirkomulag hafi í framkvæmd aukið félagslega mismunun tekjulitlu fólki í óhag og hafi gert skipulag þjónustunnar vandkvæðum háð auk þess að vera kostnaðarsamara.

**Er þar sérstaklega horft til framgöngu heilbrigðisráðherrans sem heldur með okkur sífellt lengra út í fen markaðsvæddrar heilbrigðisþjónustu.**

Er þá komið að fyrirsögninni. Kveikjan er frétt í Fréttablaðinu 11. júlí sl. þar sem haft er eftir umhverfisráðherranum, að ráðið til að glíma við umhverfisvandann sé að leita eftir hugmyndum frá almenningi.

Prýðilegt. En hvers vegna segja eitt og gera síðan annað? Hvernig væri að ríkisstjórnin hlustaði eftir hugmyndum og afstöðu almennings hvað heilbrigðismálin áhrærir? Það gerir hún hins vegar ekki.

Í margítrekuðum skoðanakönnunum, nú síðast í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá í vor, kemur í ljós að yfirgnæfandi meirihluti, tæplega 80%, vill að heilbrigðisþjónustan sé rekin á vegum hins opinbera. Flokkast þetta ekki sem hugmynd frá almenningi?

# Leyfum samruna Haga og Lyfju



**Guðmundur Edgarsson**
kennari

Eins og kunnugt er hafnaði Samkeppnisstofnun nýverið samruna Haga og Lyfju. Rökin voru að við samrunann yrðu Hagar helst til fyrirferðarmiklir á heilsu- og snyrtivörumarkaði. Þessi ótti er ástæðulaus. Þvert á móti, líklegt er að samruninn yrði til verulegra hagsbóta fyrir neytendur.

Þannig er að hvorki Hagar né önnur fyrirtæki geta orðið stór á sínum markaði nema að njóta vinsælda. Til þess þarf fyrirtækið að bjóða vörur sínar á hagstæðu verði miðað við gæði. Því væri afar misráðið ef Hagar myndu skyndilega snarhækka verð, kæmist fyrirtækið í svokallaða markaðsráðandi stöðu. Viðskiptavinirnir myndu upplifa slíka hegðun sem rýtingsstungu í bakið og snúa sér annað. Og jafnvel þótt samkeppni væri lítil sem engin myndi slíkt ástand aðeins vara í skamman tíma. Fyrr en síðar kæmi nýr aðili á markaðinn og byði risanum byrginn.

### Erfitt að drepa samkeppni

En hvað ef Hagar reyndu að drepa niður samkeppni jafnharðan? Slíkt yrði hægara sagt en gert. Til þess þyrftu Hagar að stunda undirboð í talsverðan tíma. Þegar svo búið væri að drepa samkeppnina þyrfti fyrirtækið að ná upp tapinu af öllum undirboðunum sem ekki er hægt nema hækka verð umfram það sem áður var. Þá myndaðist enn stærri hola á markaðnum og Hagar stæðu aftur frammi fyrir samkeppni, sýnu grimmari en áður. En þótt kúnninn kunni að fagna slíku verðstríði er ljóst að þess háttar leikur gengur ekki til lengdar því undirboðin leiða til æ meiri taprekstrar. Fyrr en varir myndast því jafnvægi milli aðila á markaðnum.

**Þannig er að hvorki Hagar né önnur fyrirtæki geta orðið stór á sínum markaði nema að njóta vinsælda. Til þess þarf fyrirtækið að bjóða vörur sínar á hagstæðu verði miðað við gæði.**

### Einokun illmöguleg á frjálsum markaði

Að lokum er rétt að ítreka að engin dæmi eru til í veraldarsögunni um einokunarfyrirtæki á frjálsum markaði. Hafi eitthvað í líkingu við einokun fengið að þróast, er skýringin iðulega sú að um einhvers konar ríkisafskipti hafi verið að ræða, t.d. í formi sérleyfa og innflutningshafta eða annarra samkeppnishindrana. Fái markaðurinn að vera í friði er einokun því óhugsandi.

# Mannréttindabrot í boði okkar?



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður Vinstri grænna

Enn einu sinni horfum við upp á ranga ákvörðun yfirvalda þegar kemur að brottvísun fjölskyldu hælisleitenda. Oftast hefur ekki tekist að koma í veg fyrir slík brot á sjálfsögðum mannúðar- og sanngirnisviðmiðum. Við munum þó hvernig fór að lokum í málum albanskra fjölskyldna þar sem tókst að snúa fyrri ákvörðunum og leyfa fólki sem hér hafði fest rætur og glímdi við erfið vandamál að búa, starfa og þroskast við ágæt skilyrði. Biskup Íslands á skildar þakkir fyrir að vekja máls í Fbl. 26. júlí á stöðu afganskra feðgina (hún 11 ára) sem eiga brottvísun yfir höfði sér.

Útlendingastofnun ætlar á komandi dögum líka að vísa nígerískri fjölskyldu úr landi. Í bréfi til mín frá kjósanda á Suðurlandi stendur: „Hafa hjónin verið á hrakhólum allt frá því að þau yfirgáfu heimalandið sitt í sitthvoru lagi fyrir níu árum. Þau hafa á lífsleið sinni mátt þola gríðarleg áföll, ofbeldi, fátækt og hótanir. Joy segir þar frá því þegar hún var seld í vændi við komuna til Evrópu, fyrir milligöngu samlanda sinna en hún hefur aldrei hlotið viðeigandi aðstoð vegna þessa. Þau hjónin komu til Ísland snemma árs árið 2016 og óskuðu eftir vernd.

Joy er illa farin á sál og líkama vegna reynslu sinnar og hefur óvissan varðandi stöðu þeirra á Íslandi ekki góð áhrif á heilsu hennar. Allir þeir sem hafa kynnst hjónunum við nám og í starfi bera þeim góða sögu, en Sunday hefur unnið hjá sama byggingarfélagi síðan hann kom. Mary (8 ára) gengur í skóla í fyrsta sinn á ævinni. Henni líður

**Þessi endurtekna og ómannúðlega meðferð fólks, jafnvel með ætluðum brotum á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, er ólíðandi og okkur til skammar.**

vel hér og hefur náð góðum tökum á íslensku, hún hefur aldrei búið í Nígeríu. Í fyrsta sinn á ævinni upplifa þau öryggi og íslenska ríkið ætlar að svipta þau því.“

Þessi endurtekna og ómannúðlega meðferð fólks, jafnvel með ætluðum brotum á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, er ólíðandi og okkur til skammar. Lögum, verkferlum og viðmiðum verður að breyta og helst láta um leið reyna á fyrir dómstólum hvort lög séu í raun brotin í skjóli annarra laga eða heimilda.

# Fólk

FIMMTUDAGUR 27. JÚLÍ 2017

## Tíska



**Anjali.is er ný íslensk vefverslun sem selur náttúruvæn jógaföt eftir Kristin Sigríðarson.**

helgin →4



# Hvítur pels og hamingju-sólgleraugu

Marianna Eva Dúfa Sævarsdóttir, eða einfaldlega Dúfa, er 25 ára nemi við sjónlistadeild Myndlistaskólans í Reykjavík og vinnur samhliða á Listasafni Reykjavíkur. →2

Buxurnar fann Dúfa í Kolaportinu en samfellan er úr Maniu. Taupokinn ómissandi er eftir Ragnar Kjartansson og sólgleraugun auðvitað úr Stellu, Bankastræti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




HAUSTVÖRURNAR
*eru komnar!*

ÚTSALAN ENN Í FULLUM GANGI
50-70% afsláttur

comma,
SMÁRALIND

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



**Framhald af forsíðu ➪**

Er eitthvert sérstakt tímabil sem þú tengir við í tískunni? Ég hef gaman af tímalausum flíkum, en 60's til 70's fatnaður heillar mig ávallt. Bridget Bardot, Edie Sedgwick og Jane Birkin eru í miklu uppáhaldi hjá mér.

*Hvar kaupir þú föt?* Ég versla sjaldan við hefðbundnar búðir en fer gjarnan í Kolaportið eða á fatamarkaði að gramsa því þar leynast oft á tíðum þvílíkar gersemar. Þegar ég kaupi mér nýja flík þá er það yfirleitt íslensk hönnun. Mér finnst skemmtilegt að skoða föt og máta og fá nýjar hugmyndir um hvernig ég get notað flíkurnar sem ég á fyrir.

*Hvað er málið í sumar?* Ég fíla að „layer-a“ fatnað því ef manni skyldi verða of heitt eða kalt er alltaf hægt að fara í eða úr eftir þörfum. Þá er nauðsynlegt að hafa fallegan taupoka á öxlinni til að geyma fötin í, sem kemur sér líka vel ef maður þarf að kíkja í matvörubúð. Uppáhalds taupokinn minn þessa stundinna er Bitch Please pokinn eftir Ragnar Kjartansson. Annars er lykilatriðið að pæla ekki í því hvað öðrum gæti fundist um það sem manni þykir flott að klæðast því sjálfsöryggi getur látið hvaða flík sem er virka svo lengi sem maður ætlar sér að rokka hana.

*Finnst þér gaman að klæða þig upp á?* Ég er nánast alltaf í vinnu, skóla eða sundi þannig við hvert tækifæri sem ég fæ hef ég unun af því að klæða mig upp á og taka það alla leið þó ég sé einungis að fara í spássitúr niður í bæ á frídegi.

*Áttu þér uppáhaldshönnuð?* Death Flower og Kron by Kronkron þá allra helst, svo einnig Rakel Blom, Thelma Design, hönnuðirnir í Kiosk og Forynja. Utan landsteinanna þá er það Humanoid, Acne Studios, Henrik Vibskov, Marjan Pejoski og Chie Mihara.

*Hvað kaupirðu þó þú eigir nóg af því?* Yfirhafnir þá helst vintage vetrarflíkur sem ég kaupi oftast í Gyllta kettinum eða á fatamörkuðum, elska að vera í þeim óháð árstíð og þær verða helst að vera nokkrum númerum of stórar. „Shout out“ til Vigdísar Völu sem er mín besta vinkona, við deilum þessum smekk og yfirhafnaþrá-hyggju. Í haust verða stórar kápur málið, helst herrakápur með upphäum stígvélum með groddalegum botni svo maður renni ekki á rassinn þegar laumuhálkan mætir og hamingjusólgleraugu með skærlituðu gleri þegar grámyglan leggst yfir landið.

*Hvað er á döfinni hjá þér núna?* Þessa dagana er ég að taka þátt í gjörningi Ragnars Kjartanssonar og kem fram sem Kona í E-moll í bland við hefðbundin störf mín á Listasafni Reykjavíkur, þar fyrir utan legg ég stund á myndlist og ljóðaskrif.



**Bolurinn er frá Acne og buxurnar úr H&M. Páfagaukurinn er í eigu Dúfu og heitir Kirikou.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Þessi kjóll er hannaður af hönnunarteyminu Death Flower og fékkst í Leynibúðinni.**



**Dúfa vann í nokkur ár í versluninni Kron og notaði tækifærið og kom sér upp nokkrum kjólum frá Kron by KronKron.**



**Dúfa elskar sólgleraugu og kaupir þau aðeins í Stellu í Bankastræti þar sem hún segir fást svölustu sixtís „cat eye“ sólgleraugu landsins.**



**Fléttuhárbönd frá Death Flower og spangir frá Thelma Design eru í uppáhaldi.**







ÚTSALA &
LAGERSALA
50%
af öllum fatnaði
og skóm!
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Jógaföt úr endurunnu plasti

**Leikkonan og jógakennarinn María Dalberg opnaði nýverið vefverslunina anjali.is en þar fást meðal annars jógaföt úr endurunnu plasti. Fötin, sem eru framleidd í New York og seld út um allan heim, eru eftir fatahönnuðina Kristin Sigríðarson og konu hans Julissu Carranza.**

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Anjali jógafötin komu fyrst á markað árið 2006. Á bak við þau standa Kristinn Sigríðarson og kona hans Julissa Carranza en þau störfuðu bæði sem fatahönnuðir hjá stórum fyrirtækjum á Manhattan í New York þegar sú hugmynd kom upp að stofna eigið fyrirtæki og hanna jógaföt. Þau höfðu bæði iðkað og kennt jóga um langt skeið og þótti þetta náttúrulegt framhald,“ segir María Dalberg sem hitti Kristin í fjölskylduboði fyrir rúmu ári. Þau tóku tal saman og úr varð að hún tók að sér að selja fötin hér á landi en hún hefur sjálf stundað jóga frá unga aldri og kennir bæði í Sólum og Jógasetrinu ásamt því að reka fyrirtækið Yogastund sem býður upp á jóga í fyrirtækjum. Kristinn hafði lengi haft hug á að koma fötunum í sölu hér á landi en þau eru fáanleg á öllum hinum Norðurlöndunum. „Ísland var því síðasta vígið,“ segir María.

Kristni og Julissu var frá upphafi mikið í mun að fötin væru náttúruvæn og framleidd í New York þar sem þau gætu fylgst með framleiðslunni og hugsað vel um vinnuaflið. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki þar sem allt er gegnsætt. Hugmyndin er að starfsfólkið kjósi að vinna með fólki sem er á sömu bylgjulengd og það sjálft. Þrátt fyrir að hjónin hafi fært út kvíarnar, frá því að vera með sölubás í jógastúdíói í New Jersey yfir í að vera með hundruð verslana um allan heim, reka þau fyrirtækið enn á sömu forsendum,“ segir María.

Þau Kristinn og Julissa eru bæði jógaiðkendur og jógakennarar og hafa því góða tilfinningu fyrir því hvernig jógaföt skulu vera. Þau segjast hanna föt sem þau hafi áður leitað að og leggja mikla áherslu á snið og efnisval. „Hugmyndin er líka að notkunin einskorðist ekki við jógaiðkun heldur að það sé hægt að fara í fötunum í hádegismat eða kaffi fyrir og eftir jógatímann. Þá eiga þau að henta í alla aðra líkamsrækt sem og heimavið. Efnin eru mjúk og þægileg, í takt við þann lífsstíl sem hjónin standa fyrir, og mynstrin einstök en þau eiga að minna á fegurðina og allt hið góða sem er innra með öllum,“ útskýrir María.

Öll efnin eru að sögn Maríu svokölluð „technical fabrics“. „Það er gert ráð fyrir að iðkendur svitni í þeim og þau eru fljót að þorna. Í þeim er líka svokallað „anti microbial finish“ sem vinnur gegn svitalykt. Hluti efnanna er svo unninn úr endurunnum plastflöskum. Þau kallast recycled polyester og eru mjög vinsæl. Hugmyndin er að nýta plastið og endurvinna það í stað þess að það safnist upp í náttúrunni. Flöskurnar eru þá þvegnar og spændar upp í þræði sem síðan eru notaðir í vefnaðinn.“

Vefverslunin Anjali.is var opnuð í júní síðastliðnum en þar er nú að finna glænýja sumarlínu fyrir bæði karla og konur. Fötin eru líka fáanleg í Jógasetrinu í Skipholti og eru fleiri útsölustaðir væntanlegir.



**Fötin hafa verið fáanleg víða um heim og nú loks á Íslandi.**



**Þægindin eru í fyrirrúmi.**



**Anjali jógafötin komu fyrst á markað árið 2006.**



**Mikil áhersla er lögð á náttúrvæn efni.**



**Fötin eru framleidd fyrir bæði karla og konur.**

Kristinn Sigríðarson flutti til New York árið 1987 til að stunda nám í fatahönnun við Parsons School of Design. Hann útskrifaðist árið 1990 og hóf störf hjá Kay Unger sem er vel þekktur ytra. Þar kynntust hann og eiginkonu sinni Julissu. Kristinn starfaði þar í fimm ár og endaði sem yfirhönnuður. Hann var um tíma ráðgjafi hjá fyrirtækjum á borð við Luxottica og Max Mara. Hann starfaði síðar hjá Jones Group og hannaði Anne Klein og Jones NY línurnar. Um tíma kenndi hann líka BFA prógrammið hjá Marist College í New York og hafði umsjón með útskriftarnemum í fatahönnun við skólann. Síðastliðin átta ár hefur hann verið í fullu starfi hjá Anjali.









## SÓLARVÖRNIN SEM HÚÐLÆKNAR MÆLA MEÐ

**Viðbætt kollagen, silkiextrakt, C- og E-vítamín til að fyrirbyggja húðöldrun og lagfæra sólskaða.**

- Verndar húðina sem verður fallega brún, mjúk og rakafyllt.
- Ofnæmisprófað, reynist vel gegn sólarexemi og sólarofnæmi.
- Vörn gegn UVB geislum sem brenna og UVA geislum sem valda húðskemmdum.
- Ekkert klístur og smitar ekki í fatnað, gott í hársvörðinn, bakteríuheldar umbúðir.
- Engin umhverfis- eða hormónatruflandi efni, engar nanóeindir, ilm- eða litarefni.

**Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð**

Yfir 90% UVA vörn.

BÄST-i-TEST.se

# Framtíðin er björt og málmkennd

## Hönnuðir á tískuvikunni í París sem fór fram í byrjun júlí voru sammála um að málmáferð væri málið í haust.

Á nýafstaðinni tískuviku í París kenndi ýmissa grasa að vanda enda telst hún til hápunkta tískuársins og gefa vafalitlar vísbendingar um hvað verður heitast og eftirsóknarverðast í fataskápinn á næstunni. Málmáferð á fatnaði er málið, um það eru flestir hönnuðirnir sammála, eins konar kvikasilfurs- eða álpappírsáferð sem minnir á geimverumyndir frá áttunda áratugnum, í öllum litum og bæði hversdags og spari og fyrir öll kyn.

Fyrr á tímum var málmfatnaður eingöngu á færi konungborinna og var þá spunnið eða saumað í með raunverulegu gulli eða silfri.

Algengustu aðferðirnar til að búa til þessi eftirsóttu efni í dag eru annars vegar að pressa eitt örþunnt lag af áli á milli tveggja laga af pólíester og búa þannig til þráð sem síðan er ofið úr. Hin aðferðin er að hita ál svo mikið að það verður að gufu og gufunni er síðan þrýst inn í pólíesterefni af miklum krafti. Þannig verður til léttara og meðfærilegra málmefni sem er auðvelt að nota í, til dæmis í einangrun, hlífðarföt (til dæmis geimbúninga) og tískufatnað.

Málmáferðin er eins og áður sagði vinsæl á skóm, töskum og fatnaði og síðari ár hefur hún færst frá sparifatnaði og yfir í alls konar hversdagsföt eins og strigaskó.

Á tískuvikunni var þó mest að sjá af glæsikjólum úr málmefnum og þar sem málmefni hafa löngum þótt í stífara lagi virðist ný tækni hafa gert kleift að láta pilsin falla á sem náttúrulegastan hátt svo fyrirsæturnar hreinlega fossuðu eftir tískusýningarpöllunum.


Það er ekki bara silfurmálmáferð sem verður í tísku. Hér má sjá haustið endurspeglast að hætti hönnuðarins Alexandre Vauthier á tískuvikunni í París.


Hér má sjá hönnun Guo Pei frá hátískuvikunni í París í byrjun júlí, skínandi bjartur og málmkenndur kjóll.


Valentino sá grængullinn bjarma yfir haustinu og deildi þeirri sýn með gestum á tískusýningu sinni.


Áláferðin heillar flesta tískuhönnuði nú um stundir og Valentino er þar engin undantekning.


Gestir tískuvikunnar í París voru fljótir að taka við sér og hér er einn þeirra kominn í silfurdressið sitt og sólgleraugun.



# DIESEL




ONLY THE BRAVE
EXTREME
THE NEW FRAGRANCE

KAUPAUKI FYLGIR ÖLLUM
KEYPTUM DIESEL ILMUM




## DIESEL KYNNING

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**20% AFSLÁTTUR** AF DIESEL Á KYNNINGUNNI

# Hörkuleg karlmennska og heillandi tilfinningadýpt

## Sykurpúðinn og Suðurríkjadrengurinn Sean O'Pry er heitasta og hæst launaða karlfyrirsæta veraldar. Hann dreymir um að verða alvöru leikari og segir æskuvini og samheldna fjölskyldu sína halda sér niðri á jörðinni.

Sean O'Pry er sannkallað augnakonfekt. Minnir sterklega á James Dean, Elvis Presley og tælandi vampíru. Ómótstæðilegur kynþokkinn tvinnar saman karlmannlega hörku og tilfinningaþrungna dýpt. Í æðum Seans rennur blóð Íra og Indíána og þykja augu hans dreymin og dáleiðandi.

Það var Nolé Martin, fyrrverandi dómari í America's Next Top Model, sem uppgötvaði Sean á MySpace 2006. Þá var Sean sautján ára smábæjarstrákur sem stundaði körfubolta og frjálsar íþróttir í heimabænum Kennesaw í Georgíufylki. Sean segist hafa reiknað með að vera bóla sem entist hálft ár í fyrirsætubransanum.

„Í fyrstu hafði ég ekki hugmynd um hvernig ég ætti að höndla velgengnina og var örugglega spilltur um tíma, enda ekki nema sautján ára. Sem betur fer varð ég svo fyrir því láni að kynnast fólki sem kenndi mér á bransann sem þróaðist hraðar en þroski minn á þessum árum," sagði Sean eitt sinn í viðtali.

Sjarmatröllið frá Kennesaw komst fljótt á mála hjá helstu tískurisum heims og má nefna Calvin Klein, Giorgio Armani, Versace, Dolce & Gabbana, Ralph Lauren, Diesel, Gap og H&M sem dæmi. Þá hlaut Sean verðskuldaða athygli í tónlistarmyndbandi Madonnu við lagið Girl Gone Wild og sem elskhugi Taylor Swift í myndbandi hennar Blanc Space.

„Ó, Guð! Sjáðu þetta andlit!" syngur Taylor Swift einmitt í laginu og heimurinn fór á hliðina yfir goðinu sem birtist þeim fyrir augum.

„Ég var nýkominn úr leiklistartíma þegar umboðsmaðurinn hringdi og sagði Taylor falast eftir mér í myndbandið. Þegar ég svo hitti hana fyrst beit hún mig í vörina og ég roðnaði upp fyrir haus en reyndi hvað ég gat að fela það," sagði Sean á sínum tíma, spurður út í fyrstu kynni hans við poppstjörnuna. „Taylor er ekki bara augnayndi heldur líka einstaklega hæfileikarík. Þetta var eitt af þessum verkefnum þar sem manni finnst maður ekki vera að vinna."


Sean O'Pry er kominn af Írum og Indjánum sem þykir einkar töff genablanda.

Sean er nú í leiklistarnámi og vonast til að fá bitastæð hlutverk í framtíðinni.

„Mig langar að verða viðurkenndur sem alvöru leikari; ekki eingöngu sem leikmunur. Vinnan með Taylor var örugglega skref í rétta átt og kynti enn undir leiklistarbakteríunni. Ég vonast eftir löngum og farsælum ferli sem leikari," sagði hann í viðtali.

Sean O'Pry var nefndur áttunda vinsælasta karlfyrirsæta veraldar í tímaritinu Forbes árið 2008. Ári síðar var hann kominn upp í fyrsta sætið og hefur allar götur síðan vermt topplistana hjá mikilsmetnum aðilum í tískuheiminum sem vinsælasta og best launaða karlfyrirsætan, og sú allra kynþokkafyllsta. Þá skipaði tískubiblían Vogue Sean í fimmta sæti yfir tíu vinsælustu karlmódel allra tíma.

„Ég er þakklátur fyrir að vera á þessum stað og nýt starfsins í botn. Það gefur mér mikið, en útheimtir á sama tíma mikla fjarveru frá mínum nánustu. Mér finnst ekkert indælla en að krúttast með ömmu og afa, vera samvistum við foreldra mína og systkini, eða fara á sjóbretti með hópi æskuvinanna sem ég eignaðist fimm ára. Ég nýt þess að gera við bílinn minn, fara í golf, eða sitja á árabáti tímunum saman og renna fyrir fisk. Þessi náni vinahópur og samheldna fjölskylda hefur haldið mér á jörðinni og ég vildi að ég gæti hitt þau oftar. Allir hafa eitthvað til að kvarta yfir og mitt er að vera fjarri fólkinu mínu. Ég er enn sami smábæjarstrákurinn frá Georgíu."


Sean O'Pry er hæst launaðasta karlfyrirsæta í heimi og hefur prýtt auglýsingaherferðir og gengið tískupallana fyrir mikils metnustu tískurisa veraldar. NORDIC PHOTOS/GETTY


Sean hefur undanfarið átt í ástarsambandi við módelið Samönthu Gradoville.




# ÚTSÖLULOK

# 25-40%

## AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM CINTAMANI VÖRUM

CINTAMANI

dress code iceland

snapchat/cintamani.is + facebook/cintamani_iceland + instagram/ cintamani.iceland

bankastræti + kringlan + smáralind + austurhraun + akureyri + www.cintamani.is


Winnie þurfti að þola stríðni í æsku.


Vill að öllum líði vel í eigin skinni.


Glæsileg á tískupöllunum.


Uppgötvuð af Tyru Banks.


Fyrirsætan Winnie Harlow fagnar 23 ára afmæli í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hristir upp í tískuheiminum

## Kanadíska fyrirsætan Winnie Harlow þykir breyta stöðluðum hugmyndum tískuheimsins um útlit og fegurð.

Fyrirsætan Winniew Harlow fagnar 23 ára afmæli í dag. Henni skaut upp á stjörnuhimininn í tískuheiminum eftir að Tyra Banks, stjórnandi þáttanna America's Next Top Model, uppgötvaði hana á Instagram fyrir þremur árum.

Winnie þykir hrista upp í stöðluðum hugmyndum um fegurð innan tískubransans en hún er með vitiligo eða skjallabletti og hylur þá ekki með farða. Harlow hefur talað opinberlega um hvernig er að lifa með skjallabletti, meðal annars haldið TED fyrirlestur og talað á sérstöku málþingi Dove um sjálfstraust á Women in the World Summit. Henni var mikið strítt í æsku og skipti oft um skóla. Hún hafi loks ákveðið að skammast sín ekki fyrir útlit sitt og fela ekki blettina.

Harlow vill þó ekki gagnrýna þá sem kjósa að hylja blettina á húðinni og birti myndband á Instagramsíðu sinni sem sýnir fyrirsætu með skjallabletti bera á sig farða til að jafna húðlitinn. Hún segist ekki vilja pressa á fólk að sleppa farðanum þó hún kjósi að gera það sjálf. Öllum sé frjálst að gera það sem þeir vilja til þess að líða vel í eigin skinni.

Harlow fór ekki með sigur af hólmi í þáttunum America's Next Top Model en hefur skapað sér nafn sem fyrirsæta og meðal annars sýnt fatnað fyrir Desigual, Ashis og Diesel og skart fyrir Swarowski. Hún hefur setið fyrir í tímaritum eins og I-D, Dazed og Glamour, Vogue og Cosmopolitan og þá hefur hún leikið í tónlistarmyndböndum fyrir JMSN, Eminem, Black Eyed Pies og Beyoncé og kom fram í auglýsingaherferð Sprite.


Rísandi stjarna í tískuheiminum.

Apótek Garðabæjar
Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðabæjar í alfaraleið

Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010




SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
le Tour de France
KASK
GARNEAU
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Rolf PRIMA
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

# Í kósígallann í haust

**Þeir sem kjósa þægindin en vilja samt tolla í tískunni geta tekið gleði sína. Þægilega jogginggalla í ýmsum útfærslum var að finna á tískusýningum sem sýndu haust- og vetrartískuna fyrir árið 2017.**


Marc Jacobs.


Chloe.


Fenty Puma.


Lacoste.


Donatella Versace.





Fullt af nýjum og fallegum haustvörum!
Nýjar vörur vikulega
ALVÖRU ÚTSALA!
ÚTSÖLULOK!
ALLT að 90% afsláttur af öllum útsöluvörum!
Skemmtileg götumarkaðsstemmning!
Dagana 26.júlí - 5.ágúst
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




**bíll.is**
bestir í bílum...



HOBBY 545 kmf delux new 2017 - 3 kojur. Árgerð 2017, vel buið hús. Verð 4.390.000. Rnr.280011.



HYUNDAI Tucson premium. Árgerð 2016, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.130539.



NISSAN Pulsar. Árgerð 2016, ekinn 14 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.260563.

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

BILO.IS
HÖFÐAHÖLLIN



HOBBY 560 UKF PREMIUM - ÓNOTAÐ, árgerð 2016, leður, kojur, TFT-skjár, 12 volt ofl. ofl. TILBOÐSVERÐ AÐEINS 4.790.000 kr. Raðnr. 256556 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

### Bílar til sölu



FORD MONDEO árg. 6/2011. Bensín. 1600cc. Ek 140þús. Beinskiptur. 6 gírar. Tilboð kr 1.290.000. Uppl. í S 897 3660.



Wv póló árg 04 ek 224 þús skoðaður 5 dyra beinsk nýleg dekk verð aðeins 235 þús gsm 8927852

Honda CRV árg "05 ek 120 þús hvítur 1 eigandi glæsilegur, eins og nýr. Verð 1.100 þús. Uppl. S 898 3015

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

STIGA®



**Stiga Estate 3084 H**
Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



HONDA
**CR-V Executive dísil**
Nýskráður 2/2012, ekinn 76 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**



HONDA
**CR-V Elegance dísil**
Nýskráður 5/2017, ekinn 700km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.790.000**



**BÍLL DAGSINS**
**VW Golf Variant Comfortline 8v**
Nýskráður 1/2003, ekinn 226 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Bíll dagsins kr. 290.000**



VOLKSWAGEN
**Jetta**
Nýskráður 12/2005, ekinn 130 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 690.000**



HONDA
**Civic 5 dyra**
Nýskráður 10/2012, ekinn 82 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**




HONDA
**CR-V Elegance Navi 2WD dísil**
Nýskráður 1/2016, ekinn 11 þús.km., dísel, 6 gírar, meðaleyðsla 4,4L/100km, dráttargeta allt að 1.700kg
**Tilboð kr. 3.990.000**



PEUGEOT
**308SW Style**
Nýskráður 5/2016, ekinn 22 þús.km., dísel, sjálfskiptur, leiðsögukerfi og glerþak.
**Verð kr. 2.990.000**



CHEVROLET
**Cruze LTZ**
Nýskráður 5/2015, ekinn 13 þús.km., dísel, 6 gírar.
**Verð kr. 2.790.000**



HONDA
**CR-V Executive dísil**
Nýskráður 5/2016, ekinn 10 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.150.000**

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

Lykill fjármögnun

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Lokað laugardaga í sumar.**

BERNHARD
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði óskast

**SKILVÍSI, REGLUSEMI, MEÐMÆLI**

58 ára karlmaður óskar eftir 2ja herb. íbúð til leigu. Uppl. S. 782 1877.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

**STARFSMAÐUR ÓSKAST**

Stundvís, reglusamur starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun framtíðarstarf. Uppl. Kjöthöllin Háleitisbraut 58-60

**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**







# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



















Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Tilkynningar

Arctic Sea Farm

**10.000 tonna laxeldi í Dýrafirði**

**Tillaga að matsáætlun**

Arctic Sea Farm hf. kynnir tillögu að matsáætlun fyrir framleiðsluaukningu á laxi í sjókvíum í Dýrafirði um 5.800 tonn en fyrirtækið hefur þegar leyfi fyrir 2.200 tonnum af silungi og laxi ásamt því að aukning um 2.000 tonn er í lokavinnslu. Kynningin er samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum og samþykkt til auglýsingar frá Skipulagsstofnun í lok mars. Um er að ræða allt að 10.000 tonna hámarks framleiðslu á einu ári í samræmi við áætlað burðaþolsmat svæðisins og nýútgefið áhættumat gefið út af Haf- og Vatnarannsóknum þann 14. júlí sl. Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér tillöguna á vefsíðu fyrirtækisins www.arcticfish.is og gera athugasemdir til og með 18. ágúst 2017.

Athugasemdir sendist á netfangið sp@afish.is eða í pósti:
*Arctic Sea Farm hf*
*Suðurgata 12*
*400 Ísafirði*




# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

**Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

## Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

### Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

### Markviss leit
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

### Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

### Ekkert staðfestingargjald
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

### Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

### Fjölbreyttar þjónustuleiðir
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

### Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

### Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

SUMARLEIÐIN – FULLT AF **GAGNAMAGNI** FYRIR MINNA

# 11GB

**ENDALAUST** TAL OG SMS

FYRIR AÐEINS

# 2.590 KR.

Á mánuði




SKRÁÐU ÞIG Á **365.IS**

* SPEEDTEST

365

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Fyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir gengur vonsvikin af velli á meðan þær austurrísku fagna sigri og sæti í átta liða úrslitum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dætur Evrópu númeri of litlar

**Stelpurnar okkar kvöddu Evrópumótið í fótbolta í gærkvöldi með þriðja tapinu en þær lágu í valnum gegn Austurríki í Rotterdam, 3-0. Íslenska liðið var einfaldlega ekki nógu gott til að ná markmiðum sínum á þessu móti. Íslendingarnir heilluðu samt álfuna með frábærum stuðningi við íslensku stelpurnar.**



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar kvöddu í gærkvöld Evrópumótið í fótbolta með 3-0 tapi á móti Austurríki í Kastalanum í Rotterdam. Þær halda heim í dag stigalausar og á botni C-riðils en tapið í gærkvöldi var endanleg sönnun þess að liðið var einfaldlega númeri of lítið fyrir þetta mót.

Væntingarnar voru miklar enda markmiðin háleit og bæði þjálfarinn og leikmennirnir hafa talað um að skammast sín ekkert fyrir að setja markið hátt. Þá verður líka að sýna ákveðna auðmýkt og viðurkenna stöðuna eins og hún er núna. Stelpurnar okkar höfðu ekkert lengra í þessu móti að gera.

Undankeppnin var frábær og áföllin hafa dunið yfir liðið síðan henni lauk. Það er ekki hægt að horfa bara til baka og segja að liðið hafi unnið svona og svona marga leiki og skorað svona og svona mörg mörk. Það er vissulega staðreynd og árangurinn þar verður ekki tekinn af liðinu. Fortíðin breytir ekki núinu.

### Stress en ekkert undir

Fyrir leikinn í gærkvöldi var ekkert undir hjá íslenska liðinu nema stoltið. Samt sem áður setti Freyr og stelpurnar sjálfar ótrúlega pressu á sjálfa sig að vinna leikinn. Liðið vildi vinna og kveðja með stolti. Pressan sem stelpurnar settu á sig sjálfar fyrir leik þar sem ekkert var í boði virtist bera þær ofurliði því stress var í liðinu þrátt fyrir að heimferð væri örugg daginn eftir.

### Stærri, sterkari, tekniskari

Austurríska liðið var miklu betra allan tímann og vann síst of stóran sigur. Þrátt fyrir að fá á sig þrjú mörk og gefa eitt þeirra hjó Guðbjörg Gunnarsdóttir samt nærri því að vera einn besti maður vallarins því svo mikið var að gera.

Austurrísku stelpurnar voru stærri, sterkari, tekniskari og einfaldlega betri í fótbolta. Lið þeirra er stútfullt af atvinnumönnum í góðum deildum eins og lið Sviss og Frakklands. Uppleggið hjá íslenska liðinu, að taka þetta með vörn, föstum leikatriðum og hjartanu, gekk einfaldlega ekki upp. Núll stig segir alla söguna.

### Heilluðu álfuna

Það var erfitt að horfa á stelpurnar þurfa að taka víkingaklappið með annars frábærum stuðningsmönnum íslenska liðsins í gær. Þær ætluðu sér að taka þetta að minnsta kosti einu sinni í gleðistund en sú varð alls ekki raunin.

Þegar kemur að spilamennsku landsliðsins er margt sem þarf að skoða eftir mótið og Freyr þarf að fara aftur að teikniborðinu fyrir undankeppni HM. Hann mun þó njóta þess að vera kominn aftur með Hörpu Þorsteinsdóttur en hún sýndi, þrátt fyrir að vera ekki í besta forminu, hversu mikilvæg hún er uppspili liðsins.

Það er synd fyrir mótið að Ísland sé að kveðja en það er út af stuðningsmönnunum og þessari þjóð sem hefur sett magnaðan svip á mótið. Austurríki náði frábærum árangri í gær en var með 1.000 manns í stúkunni á móti 3.000 Íslendingum. Því miður telur það ekkert inni á vellinum sjálfum.

### Það jákvæða utan vallar

Það jákvæða gerðist mest utan vallar. Stelpurnar okkar nutu meiri athygli en nokkru sinni fyrr, athygli sem þær áttu fyrir löngu skilið. Þrátt fyrir þrjú töp vaknaði þjóðin og sá hversu miklir töffarar þetta eru. Ungar stelpur eru byrjaðar að vekja foreldra sína fyrir sólarupprás til að æfa sig. Þær langar að verða meira en bara dóttir föður síns. Þær langar að verða ein af þessum dætrum Evrópu.

**» Austurríki vann íslenska riðilinn og kemst áfram í átta liða úrslit á sínu fyrsta stórmóti frá upphafi.**

## Get ekki útskýrt af hverju það var svona mikið stress í liðinu

„Þetta eru gríðarleg vonbrigði,“ sagði Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður íslenska liðsins, eftir þriggja marka skell á móti Austurríki í gærkvöldi en þrátt fyrir að liðið hefði ekki að neinu að keppa var mikið undir.

„Við förum í alla leiki til þess að vinna. Stolt okkar var í húfi. Ég get ekki útskýrt af hverju það var svona mikið stress, við vorum búnar að tala um að reyna að spila betur. Við erum kannski ekki lengra komnar í uppspilinu en þetta þó að við þurfum ekki að halda boltanum og létum leiða okkur í einhverja gildru hjá þeim,“ sagði Guðbjörg.

## Taflan lýgur ekki



„Þetta var mjög erfitt og ég vissi að ef við myndum lenda undir í þessum leik yrði þetta mjög erfitt. Liðið tókst illa á við vonbrigðin eftir laugardaginn hvað andlega þáttinn varðar,“ sagði þjálfarinn Freyr Alexandersson eftir leikinn.

„Taflan lýgur ekki. Þetta er hraðmót og stemningin er fljót að koma og fara. Það er samt margt sem þarf að laga og eitthvað sem tekur tíma að laga; grunnfærnin, sendingar, móttökur. Mér finnst það áhyggjuefni. Þeir hlutir klikkuðu hérna í dag,“ sagði Freyr.

| ÍSL | 0 – 3 | AUST |
|---|---|---|

**0-1** Zadrazil (36.), **0-2** Burger (44.), **0-3** Enzinger (90).

| | | |
|---|---|---|
| 10 (0) | **Skot (á mark)** | 29 (16) |
| 2 | **Hornspyrnur** | 12 |
| 18 | **Hættulegar sóknir** | 37 |
| 189 | **Heppn, sendingar** | 203 |
| 68 | **% heppn. sendinga** | 70 |
| 49 | **% með boltann** | 51 |

**Besti leikmaður Íslands**

**Fanndís Friðriksdóttir**



Enn eina ferðina viljugust í íslenska liðinu til að sækja á markið. Átti nokkur fín skot, þar af eitt eftir glæsilegt einstaklingsframtak, en komst því miður ekki nógu mikið í boltann.

**Frammistaða Íslands (3-4-3)**

| | |
|---|---|
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | 4 |
| Glódís Perla Viggósdóttir | 4 |
| Sif Atladóttir | 5 |
| Anna Björk Kristjánsdóttir | 4 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 4 |
| (51. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir 4) | |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 4 |
| Dagný Brynjarsdóttir | 4 |
| Hallbera Gísladóttir | 3 |
| Agla María Albertsdóttir | 3 |
| (83. Sandra María Jessen | -) |
| Harpa Þorsteinsdóttir | 4 |
| (71. Berglind Björg Þorvaldsd. | -) |
| Fanndís Friðriksdóttir | 5 |

**EM 2017 í Hollandi**

**C-riðill**

**Sviss - Frakkland 1-1**
Camille Abily jafnaði metin fyrir tíu Frakka með marki úr aukaspyrnu og tryggði sæti í 8 liða úrslotum.

**Lokastaða þjóðanna:** Austurríki 7, Frakkland 5, Sviss 4, Ísland 0.

**Í dag er spilað í D-riðli**

| | |
|---|---|
| **18.45 Portúgal - England** | **Tilburg** |
| **18.45 Skotland - Spánn** | **Deventer** |

**Fork. Meistaradeildar - fyrri leikur**

**Maribor - FH 1-0**
1-0 Marcos Tavares (54.).

ÓLAFÍA Á OPNA SKOSKA
Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur í dag keppni á opna skoska meistaramótinu í golfi sem fram fer á vellinum í North Ayrshire og verður í beinni á golfstöðinni. Ólafía hefur spilað á samtals fjórtán höggum undir pari á tveimur LPGA-mótunum sínum í júlí og endaði inni á topp 45 á þeim báðum. Þetta verður fimmtánda LPGA-mótið hennar. Ólafía hefur leik klukkan 08.15 í dag.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | **Bayern - Inter** | Sport |
| 13.00 | **Opna skoska** | Golfstöðin |
| 17.15 | **Stjarnan - ÍBV** | Sport |
| 19.00 | **Opna kanadíska** | Golfstöðin |
| 19.05 | **Keflavík - Fylkir** | Sport 2 |

**Borgunarbikarinn, undanúrslit**

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | **Stjarnan - ÍBV** | Garðabær |

**Pepsi-deildin**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | **KR - Fjölnir** | KR-völlur |

**Inkasso-deildin**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | **Þór Ak. - Þróttur** | Þórsvöllur |
| 19.15 | **Keflavík - Fylkir** | Keflavík |
| 19.15 | **Grótta - Selfoss** | Seltjarnarn. |


OUTLET
50-80%
afsláttur af tjöldum & útilegubúnaði
MIKIÐ ÚRVAL AF ÚTIVISTAR-FATNAÐI OG ANNARRI FERÐAVÖRU
OUTLET
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
Tjöld
Tjalddýnur
Svefnpokar
Bakpokar
Útilegubúnaður
Gönguskór
Regngallar
...og margt fleira
ICEWEAR
ICEWEAR
Allar flíspeysur 4990-
Allar úlpur 9990.-
Allar útivistarbuxur 4990.-
Allir vettlingar 990.-
Allar húfur 990.-
Allar barnaflíspeysur 2990.-
OUTLET
OUTLET
FÁKAFEN 9
ICEWEAR ICELAND
LAUGAVEGUR 91
KJALLARI

## Merkisatburðir



**1898 Holdsveikraspítalinn** í Laugarnesi, sem Oddfellowreglan í Danmörku gaf Íslendingum, er vígður með viðhöfn.

**1903** Fyrsta kvikmyndasýning í Reykjavík er í Iðnó, er tveir Norðmenn sýna „lifandi myndir“, meðal annars frá dýragarði í London, ófriðnum í Suður-Afríku og krýningu Játvarðs konungs sjöunda.

**1929** Jarðskjálfti verður í Brennisteinsfjöllum á Reykjanesskaga sem er 6,3 stig á Richter og finnst vel í miðbænum í Reykjavík.

**1953** Kóreustríðinu lýkur með vopnahléi.

**1987** Ísafjarðarkirkja stórskemmist í bruna.

**2010** Aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið hefjast.

**2011** Stjórnlagaþing skilar tillögu að nýrri stjórnarskrá Íslands.



**„Við vorum í dentíð með ána á leigu og með umfangsmikinn veiðibúskap en þeim kapítula er lokið.“** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Með lappirnar í Langá og Laxá og lítur yfir Siglufjörð

Árin fara vel með Ingva Hrafn Jónsson, sjónvarpsstjóra og fréttamann. Hann á sjötíu og fimm að baki, samkvæmt kirkjubókum, en dregur sannleiksgildi þeirra heimilda í efa.

Hvergi ský á himni og allt eins og dýrðin á Íslandi verður mest.“ Þannig lýsir Ingvi Hrafn Jónsson sjónvarpsstjóri umhverfi sínu vestur á Mýrum þar sem hann á bústað á bökkum Langár. „Ég held mikið til hér á sumrin í nóttlausri voraldar veröld. Við vorum í dentíð með ána á leigu og með umfangsmikinn veiðibúskap en þeim kapítula er lokið. Sofnum samt og vöknum við árniðinn,“ lýsir hann og þessi „við“ eru hann og kona hans Ragnheiður Sara Hafsteinsdóttir.

Ingvi Hrafn á merkisafmæli í dag. „Ég er víst sjötíu og fimm en trúi því ekki sjálfur, lít í spegil og sé ekki þennan gamla mann sem á að birtast mér og er með þessa kennitölu,“ segir hann og kveðst ekki hafa yfir miklu að kvarta öðru en því að hafa nýlega þurft að sjá á eftir besta vini sínum til 70 ára, Orra Vigfússyni. „Orri var 17 dögum eldri en ég og við kvöddum hann á afmælisdaginn hans. Svo þessi afmælisdagur minn er tregablandinn en ég brosi gegnum tárin því barnabörnin knúsa afa alltaf og segja honum að þau elski hann. Það er notalegt.“ Aðspurður kveðst hann eiga fjögur barnabörn. „Við hjónin eigum tvo syni og þeir eiga tvö börn hvor. Það eru þrír strákar og ein stelpa. Stórfjölskyldan verður hér í dag enda viðrar til þess að grilla úti og hafa það huggulegt.“

> Ég er víst sjötíu og fimm en trúi því ekki sjálfur, lít í spegil og sé ekki þennan gamla mann sem á að birtast mér og er með þessa kennitölu.

Þó Ingvi Hrafn sé fæddur og uppalinn í Reykjavík eru ræturnar norðlenskar og norskar. „Ég er ættaður frá tveimur stöðum í Eyjafirði og svo er einn norskur Tynesarleggur, móðurafi minn var norskur. Sólvangur heitir eftir sumarbústaðnum sem við áttum í Siglufirði, þaðan á ég mínar yndislegustu bernskuminningar og undanfarin ár hef ég farið þangað nokkrum sinnum. Bærinn er vaknaður úr þyrnirósarsvefni sem hófst eftir að síldin hvarf, einn af sonum Siglufjarðar er að skila uppeldinu sínu og nú eru allir að dytta að sínum húsum þar. Það er mikið gleðiefni. Ef ég ætti óskastað þá væri það að sitja klofvega yfir Íslandi með vinstri löppina ofan í Stangarhyl í Langá og hægri löppina í Mjósundi í Aðaldal og horfa á Siglufjörð. Það væri fullkomið.“ **gun@frettabladid.is**

---

✝



Ástkær móðir okkar, frænka, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Stella Árnadóttir**

Safamýri 95, Reykjavík,

andaðist fimmtudaginn 13. júlí á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðrún Katla Kristjánsd.** **Gunnar Svanur Hjálmarsson**
**Brynjar Kristjánsson** **Kristín Bjartmarsdóttir**
**Hulda Gunnarsdóttir** **Ásgeir Hannes Aðalsteinsson**
**barnabörn og langömmubarn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Ringsted**

viðskiptafræðingur, Stekkjartúni 6, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 1. ágúst klukkan 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Valmundur Pétur Árnason**
**Baldvin Ringsted** **Svandís Jóhannsdóttir**
**Árni Már Valmundarson** **Kolbrún Gígja Gunnarsdóttir**
**Pétur Örn Valmundarson** **Hlín Ólafsdóttir**
**Stefán Ernir Valmundarson** **Ragnheiður Emilía Auðunsd.**
**barnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Magnús Erlendsson**

húsgagnasmiður, Kleifahrauni 3b, áður til heimilis að Illugagötu 12, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Vestmannaeyjum, miðvikudaginn 19. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Landakirkju Vestmannaeyjum laugardaginn 29. júlí kl. 13.

**Ása Ingibergsdóttir**
**Ingibergur Einarsson** **Sigríður K. Finnbogadóttir**
**Sigríður Einarsdóttir** **Baldvin Örn Arnarsson**
**Ágúst Einarsson** **Iðunn D. Jóhannesdóttir**
**Helgi Einarsson** **Agnes B. Benediktsdóttir**
**Hrefna Einarsdóttir** **Pétur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Systir okkar,

**Kristín S. Árnadóttir**

Grandavegi 47,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 20. júlí. Útförin verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 1. ágúst klukkan 15.

**Systkini hinnar látnu**

---

✝



Ástkær eiginkona mín,

**Eyþóra Elíasdóttir**

dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut í Reykjavík,

lést þann 19. júlí. Útförin hefur farið fram. Þakka starfsfólki Grundar innilega fyrir góða og hlýlega umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristján A. S. Jónsson**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ernu Geirmundsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir góða umönnun og hlýja nærveru.

**Geirmundur Sigvaldason** **Ásdís Gunnarsdóttir**
**Þorsteinn Sigvaldason** **Auður Gunnarsdóttir**
**Sigrún Sigvaldadóttir** **Kristinn Bjarnason**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigjón Bjarnason**

Brekkubæ, Hornafirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarkirkju laugardaginn 29. júlí klukkan 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

**Kristín Einarsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**


20% AUKA AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM
ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF ALLS KONAR VÖRUM
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðaustanátt mun ráða ríkjum og verður hún stíf víða um land, þá sérstaklega í Öræfum. Það verður skýjað á austurhelmingi landsins með dálítilli vætu á köflum, en vestanlands verður dagurinn sólríkur og getur hiti farið yfir 20 stig nokkuð víða.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° | 10° | 10° |
| ↙ 5 | ← 9 | ↓ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 16° | 8° |
| ↓ 7 | ← 5 | ↙ 9 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 7° | 7° |
| ↙ 8 | ↙ 7 | ↓ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 15° | 6° |
| ↓ 10 | ↙ 4 | ↙ 10 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 3 | 9 | | | | 6 | |
| 2 | | | 7 | 4 | 8 | | 9 | 1 |
| 8 | | 4 | | | | | | 2 |
| | | 6 | | 7 | | | | 8 |
| 5 | | | | | | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | |
| | 5 | | | 1 | | 2 | 4 | 3 |
| | | 1 | 4 | 5 | | | | 9 |
| | 8 | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 9 | 5 |
| 5 | | | 3 | 9 | | 1 | | |
| | | | | | | 7 | 2 | |
| | | | 4 | | 9 | | 8 | |
| | 1 | | 2 | | 5 | | 6 | |
| | 4 | | | 7 | 8 | | | 1 |
| 4 | | 7 | | | | | 1 | |
| | 6 | 3 | | 2 | 7 | | | |
| 1 | 8 | | | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | | | 9 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | 7 | | | 9 | 4 | |
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | | 7 | 8 | 1 | | 5 | | |
| 7 | | 9 | 4 | | 2 | | | 8 |
| | 5 | | | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | 9 | | 6 | | 3 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ríki í Arabíu
6. í röð
8. berja
9. tækifæri
11. fyrir hönd
12. toga
14. ráðagerð
16. tveir eins
17. sólunda
18. sigað
20. ætíð
21. laun

**LÓÐRÉTT**
1. mylsna
3. í röð
4. blóm
5. lík
7. barningur
10. útdeildi
13. sódi
15. korn
16. hald
19. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** íran, **6.** áb, **8.** slá, **9.** lag, **11.** pr, **12.** draga, **14.** áform, **16.** tt, **17.** sóa, **18.** att, **20.** sí, **21.** kaup.
**LÓÐRÉTT: 1.** sáld, **3.** rs, **4.** alparós, **5.** nár, **7.** barátta, **10.** gaf, **13.** gos, **15.** maís, **16.** tak, **19.** tu.

## Skák Gunnar Björnsson

Anand (2.779) átti leik gegn Vachier-Lagrave (2.804) á London Chess Classic skákmótinu.



**Hvítur á leik**
**33. Bxb7! 1-0. Eftir 33. ... Rxb7 34. a6** er svartur varnarlaus. Wesley So sigraði á mótinu. Caruana varð annars og Nakamura, Anand og Kramnik urðu í 3.-5. sæti. Frábær árangur bandarískra skákmanna.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir alla daga.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÞJÓÐHÁTÍÐARTVENNA

## 0,5 L PEPSI EÐA PEPSI MAX Í PLASTI OG 170 G DORITOS POKI AÐ EIGIN VALI




ÞJÓÐHÁTÍÐ 2017

Ef þú kaupir þjóðhátíðar-
tvennu getur þú unnið miða
á **Þjóðhátíð í Eyjum!**
Dregið út 3. ágúst
**á FM957.**
-

AÐEINS
**399**
KR.

10-11
*Fljótlegt og þægilegt*

| REYKJAVÍK | | | | | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR | GARÐABÆR | REYKJANESBÆR | AKUREYRI | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugalækur 9 | Grímsbær | Miklabraut 100 | Suðurfell 4 | Grjótháls 8 | Fjörður 13-15 | Dalvegur 20 | Litlatún | Hafnargata 55 | Kaupangur | Skagabraut 43 |
| Austurstræti 17 | Héðinshús | Kleppsvegur | Laugavegur 180 | Barónsstígur 4 | Staðarberg 2-4 | Hagasmári 9 | | Keflavíkurflugvöllur | | |
| Laugavegur 116 | Hjarðarhagi 47 | Birkimelur 1 | Borgartún 26 | Bankastræti 11 | Reykjavíkurvegur 58 | Hjallabrekka 2 | | Fitjar | | |
| Lágmúli 7 | Eggertsgata 24 | Bústaðavegur 20 | Seljavegur 2 | Seljavegur 2 | | | | | | |

markhönnun ehf

# nettó

# Allt á grillið!



-30%

**NAUTA RIB EYE**
Í HEILU
**2.099 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~



-20%

**LAMBAKÓTILETTUR**
LANGAR MARINERAÐAR
**1.198 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.498 KR/KG~~




**BOCUSE D'OR**
LAMBALÆRI GRAND CRU
**1.582 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.798 KR/KG~~




-27%

**DANPO KJÚKLINGALUNDIR**
700 GR.
**1.094 KR/STK**
ÁÐUR: ~~1.498 KR/STK~~




**GOÐI PÍTUBUFF**
6 X 60 GR. M/BRAUÐI
**1.278 KR/PK**
ÁÐUR: ~~1.598 KR/PK~~

-20%

ÓDÝRT Í nettó



-25%

**NETTÓ VÍNARPYLSUR**
10 STK.
**396 KR/PK**
ÁÐUR: ~~528 KR/PK~~

nettó



-30%

**NETTÓ KJÚKLINGAVÆNGIR**
**279 KR/KG**
ÁÐUR: ~~398 KR/KG~~




-30%

PIZZA 575 GR.
**489 KR/STK**
ÁÐUR: ~~699 KR/STK~~

PEPPERONI 480 GR.
**489 KR/STK**
ÁÐUR: ~~699 KR/STK~~

KJÖTD. & LAUK. 520 GR.
**489 KR/STK**
ÁÐUR: ~~699 KR/STK~~




-22%

**DALOON RÚLLUR 600 GR.**
M. KJÚKLING / M. THAI KJÚKLING
**498 KR/STK**
ÁÐUR: ~~639 KR/STK~~




**FREYJA HRÍSPOKI**
FLÓÐ. 200 GR.
**299 KR/STK**
ÁÐUR: ~~398 KR/STK~~

-25%

**Tilboðin gilda 27. - 30. júlí 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




**GRÍSARIF FULLELDUÐ**
BBQ ÓFROSIÐ
**699 KR KG**
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~
**-30%**




**KJARNAFÆÐI GRILL**
LAMBAFRAMPARTSSNEIÐAR
**1.198 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.498 KR/KG~~
**-20%**

**-20%**




**GOÐI GRILLPYLSUR**
OSTA. 300 GR.
**474 KR PK**
~~ÁÐUR: 593 KR/PK~~

*Gott á grillið*

**KIRSUBER**
400 GR. FATA
**399 KR FATAN**
~~ÁÐUR: 798 KR/FATAN~~



**-50%**

*Ferskt og gott*







**-20%**

**EMERGE**
ORKUDRYKKUR 250ML
**69 KR STK**
~~ÁÐUR: 89 KR/STK~~

**COOP SÚKKULAÐI**
64% CARAMEL & SJÁVARSALT
**199 KR STK**
~~ÁÐUR: 249 KR/STK~~

**FREYJA SMÁDRAUMUR**
KASSAR 170 GR.
**279 KR PK**
~~ÁÐUR: 349 KR/PK~~




**-20%**

**FREYJA RÍSKUBBAR**
KASSAR 170 GR.
**279 KR PK**
~~ÁÐUR: 369 KR/PK~~




**-66KR**

**MT CHOC'N AIR**
MJÓLKURSÚKKULAÐI 150 GR.
**129 KR STK**
~~ÁÐUR: 195 KR/STK~~

*Gott í ferðalagið*




**SUN WARRIOR PROTEIN BAR**
BLÁBERJA/KANEL
/KÓKOS/SÖLT KARAMELLA
**199 KR STK**




**MT SÚKKULAÐI**
HRÍSKÖKUR 150 GR.
**129 KR STK**
~~ÁÐUR: 195 KR/STK~~
**-66KR**




**X-TRA KAFFI**
400 GR.
**339 KR PK**
~~ÁÐUR: 399 KR/PK~~




**NINJA COFFEE BAR**
KAFFIVÉL 1700W
**17.998 KR STK**















„Þetta hverfi var ekki til þegar ég flutti burt,“ segir Eva Mjöll stödd við hús í Norðlingaholti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Verkið Vopnafjörður verður frumflutt með vídeói og ljóði

**Eva Mjöll Ingólfsdóttir fiðluleikari spilar í Iðnó í kvöld á tónleikum Arctic Conserts. Efnisskrá kvöldsins er þjóðleg.**

Hún kveðst alltaf segja „heima“ þegar hún talar um Ísland þó hún hafi búið erlendis í áratugi. Eva Mjöll Ingólfsdóttir fór út í tónlistarnám um tvítugt, kom heim í eitt ár og kynntist þá manninum sínum, fylgdi honum út í nám og þau ílengdust. Hann heitir Kristinn Helgason og starfar hjá Sameinuðu þjóðunum. „Við Kristinn höfum ferðast mikið og lifað ævintýralegu lífi,“ segir hún og nefnir Kenía, Japan, Pakistan og Simbabve meðal fyrrverandi dvalarstaða.

„Það eru auðvitað forréttindi að kynnast nýjum menningarheimum, tekur sinn tíma og er misauðvelt en verulega spennandi. Sums staðar var ekki mikið tónlistarlíf, til dæmis í Pakistan þar sem við vorum í þrjú ár. En í Japan hélt ég vel lukkaða tónleika og nú höfum við verið í New York í tíu ár, þar hef ég nóg fyrir stafni, hef spilað talsvert eftir ung tónskáld og líka verið að semja sjálf.“

Nú ætlar Eva Mjöll að leika í Iðnó í kvöld, bæði á klassíska fiðlu og rafmagnsfiðlu. Það eru síðustu Arctic Conserts tónleikarnir í sumar. Gömul sálmalög úr safni séra Bjarna Þorsteinssonar eru á dagskrá, verk byggð á íslenskum þjóðsögum og þjóðlögum og prelúdíur eftir Sjostakovitsj með Flemming Viðar Valmundarsyni á harmoniku. „Flemming Viðar hefur spilað með mér einu sinni áður og það kemur rosalega vel út,“ lýsir Eva Mjöll. „Verkin verða þjóðlegri áheyrnar og aðgengilegri.“

**ÞAÐ ERU AUÐVITAÐ FORRÉTTINDI AÐ KYNNAST NÝJUM MENNINGARHEIMUM, TEKUR SINN TÍMA OG ER MISAUÐVELT EN VERULEGA SPENNANDI. ÉG HÉLT VELLUKKAÐA TÓNLEIKA Í JAPAN EN SUMS STAÐAR VAR EKKI MIKIÐ TÓNLISTARLÍF, TIL DÆMIS Í PAKISTAN.**

Eva Mjöll er yngsta dóttir Ingólfs Guðbrandssonar, ferðafrömuðar og kórstjóra, og meðal systkina hennar er tónlistarfólkið Þorgerður, Rut, Inga Rós, Unnur María og Árni Heimir. Hún ólst upp í Reykjavík og gekk í Hvassaleitisskóla og MH áður en hún stakk af til útlanda. En kemur hún oft heim?

„Ég hef komið á hverju sumri í nokkur ár og unnið verkefni með tveimur öðrum íslenskum listakonum, Gunnbjörgu Óladóttur ljóðskáldi og Rakel Steinarsdóttur vídeólistakonu. Við höfum dvalið á ýmsum stöðum og í samvinnu búið til ljóð, vídeóverk og tónlist. Byrjuðum í Stykkishólmi, síðan vorum við á Djúpavogi og á Vopnafirði í fyrra og erum með verk frá öllum þessum stöðum. Þær Gunnbjörg og Rakel verða með mér í Iðnó í kvöld, ég spila verk sem heitir Bárðarbunga, annað heitir Djúpivogur og ég var að ljúka við tónlistina við Vopnafjörð, hún verður frumflutt í kvöld með vídeói og ljóði.“

Tónleikarnir í Iðnó hefjast klukkan 20.30 í kvöld. „Þetta er svona klukkutíma prógramm, mjög lifandi, mikið að gerast, og óvenjulegt, held ég,“ segir Eva Mjöll. gun@frettabladid.is

### Lærdómurinn

Eva Mjöll hóf reglubundið fiðlunám sjö ára. Um tvítugsaldur lá leið hennar í Tónlistarháskólann í Brussel, hvar hún var í þrjú ár, síðan var hún við nám í Genf og enn síðar við Sweelink tónlistarháskólann í Amsterdam, en sótti á sumrin meistaraklassa. Einnig hefur hún stundað nám í tónsmíðum, útsetningum og hljómsveitarstjórn við Harvard háskólann í Boston.

Hún gaf út geisladisk árið 1995 og annan árið 1998.

## THULE Ferðavörur




## THULE Hjólafestingar




## THULE Hjólavagnar



## THULE Ferðabox




**Stilling**
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Magnþrungin saga hetjudáða og kraftaverka

**KVIKMYND**

**Dunkirk**
★★★★☆

**Leikstjóri:** Christopher Nolan
**Framleiðendur:** Emma Thomas, Christopher Nolan
**Handrit:** Christopher Nolan
**Kvikmyndataka:** Hoyte van Hoytema
**Tónlist:** Hans Zimmer
**Aðalhlutverk:** Fionn Whitehead, Mark Rylance, Tom Hardy



**Cillian Murphy, Barry Keoghan, Harry Styles og Kenneth Branagh eru meðal þeirra sem fara með hlutverk í Dunkirk.** NORDICPHOTOS/GETTY

Nafnið Christopher Nolan er í dag löngu orðið að tákni um ákveðin gæði. Þessi breski leikstjóri og handritshöfundur er á meðal þeirra fremstu í sínu fagi þegar markmiðið er að tvinna saman hugmyndaríkar spennusögur eða öflugt sjónarspil við marglaga efnivið sem sækir oft í athyglisverð þemu. Nýjasta stórvirki Nolans markar hans fyrstu tilraun til þess að segja (stríðs)sögu sem á sér stoð í raunveruleikanum. Nánar tiltekið er hér sagt frá einu ótrúlegasta björgunarafreki mannkynssögunnar, sem fengið hefur viðurnefnið „kraftaverkið í Dunkirk“.

Í seinni heimsstyrjöldinni tókst Bretum og bandamönnum þeirra að bjarga rúmlega 300 þúsund hermönnum úr sjálfheldu við strendur Dunkirk í Frakklandi og yfir Ermarsundið. Þetta tókst þrátt fyrir sífelldar árásir frá Þjóðverjum, sem fengu þær skipanir að granda öllum bátum og skipum sem myndu reyna að bjarga mönnunum. En átakanleg var biðin hjá varnarlausu hermönnunum og í langan tíma var útlitið allt annað en gott.

Uppbyggingin á Dunkirk er ákaflega fersk og lifandi. Eins og svo oft gerist í myndum Nolans er mikil áhersla lögð á tímapressu og hvernig kapphlaup við klukkuna sjálfa verður að ágengum spennugjafa. Með Dunkirk vefur hann listilega saman þrjár mismunandi tímalínur; ein vika á ströndinni, einn dagur á sjó og ein klukkustund í loftinu í miðjum flughasar.

Það vantar svo sannarlega ekki upp á að myndin sé mikilfengleg, háværi og epísk í umgjörð sinni og endursögn Nolans á þessum atburðum er smekklega meðhöndluð, en best nýtur hún sín í smærri augnablikum, oftar en ekki þessum hljóðlátari.

Leikstjórinn hefur mikinn Hollywood-pening á milli handanna en þrátt fyrir það er heildarsvipurinn langt frá því að vera „amerískur“. Nolan forðast melódrama eða klisjur eins og heitan eldinn og velur grípandi keyrslu og þrúgandi andrúmsloft fram yfir hefðbundna persónusköpun. Í myndinni er vonleysi og hræðsla oft á tíðum allsráðandi, rétt eins og heimþrá hermannanna, en handritið útskýrir sjaldan meira en þarf og ljóst er að leikstjórinn hefur sótt mikinn innblástur til þögulla kvikmynda.

Ætlunin hér er ekki sú að kynnast lífi bresku (eða frönsku) hermannanna, heldur að sjá til þess að ringulreið atburðanna grípi áhorfandann föstum tökum, bæði til að flytja hann á staðinn og beina athyglinni meira að mannlegri samkennd og þrautseigju, og einnig til að sýna hve margs konar litlar hetjudáðir geta náð langt.

Það er mjög trúverðugur bragur á öllu því sem varpað er á tjaldið (og enn frekar þegar svona lítið er gripið til tölvubrellna), fyrir utan reyndar vandræðalegan skort á blóði miðað við hörmungarnar sem við sjáum. Að mati undirritaðs lítur stundum út fyrir að vantað hafi fleiri statista til að fylla upp í ströndina. Áhorfandinn finnur lítið fyrir þessum fleiri hundruð þúsundum manna sem voru þarna fastir, en kannski getur þetta talist stíll hjá leikstjóranum til þess að innsigla einangrunina hjá hermönnunum í forgrunninum.




**Dunkirk nýtur sín best á risavöxnu bíótjaldi.**

Persónusköpunin er vissulega ekki upp á marga fiska og margir karakterar varla einu sinni nafngreindir, en eins og áður var nefnt kýs Nolan hvort sem er meira að huga að aðstæðunum frekar en sögu eða persónuleika mannanna. Það þýðir samt ekki að leikararnir séu persónuleikasnauðir. Hópurinn samanstendur af traustum þjörkum sem skilja heilmikið eftir sig með mjög litlu, þar meðtaldir eru Tom Hardy, Kenneth Branagh, Cillian Murphy, Jack Lowden, Damien Bonnard og Mark Rylance.

Hinn óþekkti Fionn Whitehead er sömuleiðis sterkur sem táknmynd hins unga stríðsmanns sem er bugaður af ástandinu í kringum sig og vill umfram allt komast heim. Að setja Harry Styles úr One Direction í mikilvægt aukahlutverk reynist heldur ekki vera eins truflandi og margir hafa eflaust haldið og skilar drengurinn sínu hreint prýðilega.

Nolan hefur annars oft verið gagnrýndur fyrir misgóð samtöl eða of langar myndir. Þess vegna má segja að í Dunkirk fái styrkleiki hans notið sín, til dæmis færni hans við að trekkja upp spennu, stilla upp skipulagðri kaótík þar sem hugað er að mannlega þættinum og sýnir þetta ekki síður áhuga leikstjórans á því að fara eftir sínum eigin reglum með frásagnarformið. Dunkirk er einnig stysta mynd Nolans í háa herrans tíð og er lítið lagt upp úr því að einblína á óþarfar uppfyllingar. En á móti er hvergi dauða mínútu að finna.

Myndin fer hratt af stað, heillar stanslaust með mikilfenglegri umgjörð sinni, samsetningu og almennri tæknivinnslu sem á öll stærstu verðlaun skilið á komandi Óskarstíð. Tónlist Hans Zimmer er einnig stórkostleg og hamrar snillingurinn ofan í mann spennuna með magnandi tónum sínum og tilheyrandi klukkutifi, sem smellur fullkomlega við bygginguna og takt myndarinnar.

Það fylgir efniviðnum að frásögnin endurtaki sig svolítið en með því að útbúa stríðssögu sem háspennutrylli sér Nolan til þess að útkoman sleppir ekki takinu á áhorfendum fyrr en þeir eru orðnir úrvinda á lokamínútunum. Og úrvinda verða þeir, á bestan máta.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Epísk, grípandi og glæsilega unnin stríðssaga þar sem lögð er mikil áhersla á mannlega þáttinn og smáatriði. Mynd sem best nýtur sín á stærsta bíótjaldinu sem þú finnur.

Vinsælasta útvarpsappið
9 útvarpsstöðvar • fréttir • hljóðbrot • upplýsingar um flytjendur og margt fleira
BYLGJAN 989
FM957
X 97.7




Download on the App Store
GET IT ON Google Play

# GLAMOUR

## ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR









| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| DUNKIRK VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE BLEEDER | KL. 8 - 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 - 8 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 - 7 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10 |
| THE HOUSE | KL. 8 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| THE BLEEDER | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| PLANET OF THE APES 2D | KL. 6 - 10 |
| THE HOUSE | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 6 - 8:20 - 10:40 |
| THE BLEEDER | KL. 6 - 8:20 - 10:40 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| BAYWATCH | KL. 10:40 |
| PIRATES 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 8 |
| THE BLEEDER | KL. 8 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| VALERIAN 3D | KL. 10:20 |
| WISH UPON | KL. 10:20 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:20 |
| THE BLEEDER | KL. 8 - 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |





# Hvað?
# Hvenær?
# Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

**27. JÚLÍ 2017**

### Uppákomur

**Hvað?** Spilakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Spilavinir, Suðurlandsbraut 48
Það kostar ekkert að taka þátt og spila á spilakvöldi Spilavina. Starfsfólk Spilavina sér um að kenna spil og hópa fólk saman svo allir skemmti sér vel.

**Hvað?** Borg brugghús takeover!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaldi bar
Borg bjórsmökkun þar sem tveir bjórbruggandi snillingar frá Borg brugghús taka yfir Kalda og kynna bjór frá Borg.

**Hvað?** Kvöldganga: Hvernig birtist íslensk myndlist ferðamönnum?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Miðbærinn
Þór Sigurþórsson myndlistarmaður leiðir göngu um miðbæinn þar sem skoðað verður hvernig íslensk myndlist birtist á hótelum, börum og öðrum stöðum sem aðallega eru sóttir af ferðamönnum. Listasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Borgarbókasafn bjóða upp á ókeypis kvöldgöngur með leiðsögn í sumar til 17. ágúst. Lagt af stað úr Grófinni, milli Tryggvagötu 15 og 17. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.



**Hljómsveitin Járnkarlinn með Andreu Gylfadóttur í aðalhlutverki verður á Café Rosenberg í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hvað?** Englaryk live show
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Loft
Englarykskonur verða í sömu heimsálfu og á sama stað í sumar og þá er ekki annað hægt en að henda í einn læv þátt og pöbb kviss. En annars er þetta bara ein stór afsökun til að koma saman með góðu fólki og drekka sjampó í sólinni. Í fyrra kláraðist freyðivínið en Loft hostel hefur lofað að panta meira í ár.

**Hvað?** Söguganga um Kinnarnar og nágrenni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Byggðasafn Hafnarfjarðar
Byggðasafn Hafnarfjarðar býður í skemmtilega sögugöngu um Kinnahverfið og nágrenni undir leiðsögn Halldórs Árna Sveinssonar. Gengið verður frá horni Lækjargötu og Hringbrautar. Áætlað er að gangan taki um eina til eina og hálfa klukkustund.

**Hvað?** Litagleði – útgáfuhátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Penninn Eymundsson
Útgáfufögnuður verður í Eymundsson í Austurstræti þar mun höfundur ásamt aðstoðarmönnum bregða á leik og sýnikennslu í litafræði. Rautt, hvítt, konfekt, kaffi og kleinur í boði forleggjara. Allir velkomnir.

### Tónlist

**Hvað?** Portrett / gunnar grímsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Fjölbreyttir portretttónleikar með tónlist eftir Gunnar Grímsson. Auk Gunnars kemur fram hópur samstarfsmanna hans í gegnum árin. Húsið verður opnað klukkan 20.30 og miða (á 2.000 krónur) er hægt að fá við innganginn eða í gegnum booking@mengi.net.

**Hvað?** Járnkarlinn spilar Steely Dan
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Café Rosenberg
Hljómsveitin Járnkarlinn er Andrea Gylfadóttir, Björgvin Ploder, Einar Rúnarsson, Eðvarð Lárusson, Pétur Sigurðsson og Karl Pétur Smith. Miðasala er við innganginn, aðgangseyrir er 2.500 krónur.

**Hvað?** Útgáfupartý Bróður BIG - Hrátt hljóð
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Prikið Kaffihús
Bróðir BIG fagnar útgáfu sinnar fyrstu breiðskífu, Hrátt hljóð. Það verður frítt inn og frír bjór í upphafi kvölds. Platan verður til sölu bæði á CD og vínyl.

**Hvað?** Pétur Ben
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Pétur Ben hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi um árabil. Hann hefur sent frá sér tvær sólóplötur, Wine For My Weakness sem kom út árið 2007 og vann til Íslensku tónlistarverðlaunanna ári síðar og God's Lonely Man sem út kom árið 2012. Hann vinnur nú að sinni þriðju sólóplötu ásamt Helga Jónssyni tónskáldi og básúnuleikara og öðrum músíkölskum sálufélögum.

### Sýningar

**Hvað?** Drag-Súgur presents; Drag LAB
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Dragsýning á vegum Drag-súgs. Fjölbreytt atriði verða sýnd í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur, selt inn við dyrnar.

**Hvað?** My Models / Mein Akt
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ófeigur gullsmiðja, Skólavörðustíg 5
Opnun sýningar Sævars Karls Ólasonar í Listhúsi Ófeigs. Sýningin stendur til 23. ágúst og er opin á verslunartíma.

**Hvað?** Happy People – Smoking Lounge no. 5
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Nýlistasafnið
Allir eru velkomnir á síðasta reykkvöld sýningarinnar Happy People þar sem gestum býðst að reykja verk eftir Darra Lorenzen (IS), Gustav Wideberg (SE), Juanpedro Fabra Guemberena (UY/SE), Yaima Carrazana (CU) & Yazan Khalili (PS). Á meðan fírað verður upp í pípunum í síðasta sinn munu listamennirnir Ásta Fanney Sigurðardóttir, Gunnar Gunnsteinsson og Steinunn Eldflaug Harðardóttir flytja eigin verk.

**Hvað?** Uppskeruhátíð Skapandi sumarstarfa í Kópavogi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Molinn ungmennahús v/Hábraut
Lokasýning á verkefnum fjórtán hópa og einstaklinga sem starfað hafa í Skapandi sumarstörfum í Kópavogi þetta árið. Í sumar hafa þátttakendur unnið hörðum höndum að metnaðarfullum og skapandi verkefnum og verður afraksturinn til sýnis almenningi í og við Molann Ungmennahús. Fjölbreyttur hópur ungra listamanna og hönnuða kemur fram.


VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

RAFMAGNSREIÐHJÓL



MIKIÐ ÚRVAL AF RAFMAGNS-REIÐHJÓLUM

Apollo BigBoy
Li-ion rafhlaða
350w motor
26" gjarðir
Drægni 40-60 km.
Shimano gírar
Kenda dekk

229.900,-

apollo

NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is




HÚSASMIÐJAN DORMA FIAT 2

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# VERKFÆRA DAGAR

## HEFJAST Í DAG




Öll handverkfæri
**30%**
**afsláttur**






Áltröppur og stigar
**30%**
**afsláttur**




HITACHI
Inspire the Next

**Öll Hitachi verkfæri**
**25%**
**afsláttur**


DEWALT
DeWalt verkfæri
25% afsláttur
ATH! DeWalt veltisög er á 15% afslætti
Verkfæratöskur og smáhlutabox
35% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
Vinnubuxur, Ronda
Svartar og gráar
8.990 kr
13.990 kr
HÚSASMIÐJAN
blómaval
Okkar stærsta sumarútsala frá upphafi
Í FULLUM GANGI
SUMAR ÚTSALAN
50% afsláttur
Öll sumarblóm og trjáplöntur
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
ÖII JOTUN pallaolía, viðarvörn og málning blöndum alla liti
25% afsláttur
JOTUN
Treolje
LADY
Ferðavörur
25% afsláttur
Garðhúsgögn
30% afsláttur
Útipottar og garðstyttur
30% afsláttur
FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



**2** MASTERCHEF USA

Glæný sería með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**2** NCIS

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.



**2** ANIMAL KINGDOM

Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!



**2** TRAINING DAY

Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannskóknarlögreglumenn sem oftar en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!



**2 BÍÓ** THE OTHER GUYS

Gamanmynd um tvo leynilögreglumenn sem grípa tækifærið til þess að feta í fótspor tveggja bestu lögreglumanna í New York sem fallnir eru frá.



**3** CURB YOUR ENTHUSIASM

Þegar Larry þarfnast greiða hjá nágranna sínum sem er mikill Seinfeld aðdáandi fer hann þá leiðina að bjóða Juliu Louise-Dreyfus í heimsókn.



**2 Krakkar** ÆVINTÝRI DESPERAUX

Krúttlegt ævintýri um skemmtilegu músina Desperaux sem vill vera ekki vera eins og aðrar mýs.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Mom
**10.40** Landnemarnir
**11.20** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**11.45** Nettir Kettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Looney Tunes. Rabbits Run
**14.15** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**15.50** Little Big Shots
**16.35** Impractical Jokers
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.25** Nágrannar
**17.50** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.25** Insecure Önnur syrpa þessara frábæru þátta úr smiðju HBO sem fjalla um hispurslausa en afar óörugga unga konu sem leikin er af Issa Rea sem er jafnframt höfundur þáttanna og var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna 2017 sem besta leikkona í gamanþáttaröð. Fylgst er með sambandi tveggja svartra vinkvenna sem gera sitt besta til að finna sig í kröfuhörðum heimi þar sem þær þurfa að berjast við staðalímyndir kynþátta og kynjanna og oft á tíðum ganga í gegnum vandræðaleg en kómísk augnablik í lífi og starfi.
**19.55** Masterchef USA
**20.40** NCIS
**21.25** Animal Kingdom
**22.15** Training Day
**23.00** Grantchester
**23.50** Gasmamman Önnur syrpa þessa hörkuspennandi sænsku þátta um Sonju sem þangað til í síðustu þáttaröð lifði afar góðu og áhyggjulausu lífi með eiginmanni sínum og þremur börnum í úthverfi Stokkhólms. En þegar líf hennar tók skyndilega stakkaskiptum og öryggi hennar og barnanna var ógnað voru góð ráð dýr. Hún gerir því allt sem í hennar valdi stendur til að standa vörð um þá sem hún elskar þótt það þýði að hún dragist inn í undirheimana til að draga björg í bú.
**00.35** Crimes That Shook Britain
**01.25** Premature
**02.55** Almost Married
**04.30** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**06.00** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Barcelona - Manchester United
**09.00** Paris St. Germain - Juventus
**10.40** Goðsagnir efstu deildar
**11.30** Bayern Munchen - FC Internazionale
**13.35** Manchester City - Real Madrid
**15.15** NBA
**15.35** Barcelona - Manchester United
**17.15** Borgunarbikar kk-Stjarnan - ÍBV
**19.30** Premier League World 2016/2017
**20.00** Búrið
**20.35** Bayern Munchen - FC Internazionale
**22.15** Inkasso deildin -Keflavík - Fylkir
**23.55** Borgunarbikar kk-Stjarnan - ÍBV
**01.35** Búrið

## STÖÐ 3

**17.15** Raising Hope
**17.40** The New Girl
**18.05** The Detour
**18.30** Modern Family
**18.55** Curb Your Enthusiasm
**19.25** Sumar og grillréttir Eyþórs
**19.50** Bara grín
**20.20** Undateable
**20.45** Claws
**21.30** American Horror Story. Roanoke
**22.10** Gilmore Girls
**22.55** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.20** Eastbound & Down
**23.55** Modern Family
**00.20** Curb Your Enthusiasm
**00.55** Sumar og grillréttir Eyþórs
**01.20** Bara grín
**01.50** Undateable
**02.15** Claws
**03.00** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Kormákur
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Latibær
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Kormákur
**11.12** Zigby
**11.26** Stóri og Litli
**11.39** Latibær
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Kormákur
**15.12** Zigby
**15.26** Stóri og Litli
**15.39** Latibær
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Ævintýri Desperaux

## GOLFSTÖÐIN

**08.40** Golfing World 2017
**09.30** Marathon Classic
**11.15** PGA Highlights 2017
**12.10** Golfing World 2017
**16.00** PGA Tour 2016. Delivering a Decade of Champions
**16.25** US Women's Open 2017
**18.35** Inside the PGA Tour 2017
**19.00** RBC Canadian Open
**01.00** RBC Canadian Open

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50** Pan
**12.40** Mary and Martha
**14.15** Spotlight
**16.25** Pan
**18.15** Mary and Martha Mögnuð mynd með Hilary Swank og Brendu Blethyn í aðalhlutverkum. Myndin segir sögu tveggja mæðra sem neita að gefast upp eftir að óvæntur harmleikur leiðir þær saman í afskekktum hluta Mósambík. Þess í stað snúa þær bökum saman og berjast fyrir bættum aðstæðum þar í landi.
**19.50** Spotlight
**22.00** The Other Guys Will Ferrell og Mark Wahlberg fara á kostum í þessari spennandi gamanmynd frá 2010. Myndin fjallar um tvo leynilögreglumenn sem grípa tækifærið til þess að feta í fótspor tveggja bestu lögreglumanna í New York sem fallnir eru frá. Tvímenningarir taka að sér viðamikla rannsókn og neyðast þá til að vinna saman þrátt fyrir að vera afar ólíkir að eðlisfari. Mun þeim takast að láta ljós sitt skína innan lögregluflotans?
**23.50** Mortdecai
**01.40** Beautiful and Twisted
**03.05** The Other Guys

## RÚV

**15.30** HM í sundi
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** Fréttir
**18.10** Veður
**18.15** Portúgal - England
**21.10** Svartir englar
**22.00** Tíufréttir
**22.20** Veðurfréttir
**22.25** Haltu mér, slepptu mér
**23.20** Skömm
**23.50** Svikamylla
**00.50** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Crazy Ex-Girlfriend
**10.35** Síminn + Spotify
**12.30** Dr. Phil
**13.10** Life in Pieces
**13.35** Remedy
**14.20** The Biggest Loser
**15.05** The Bachelor
**16.35** King of Queens
**17.00** Younger
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Making History
**20.15** Pitch
**21.00** How To Get Away With Murder
**21.45** MacGyver
**22.30** Better Things
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** 24
**01.05** Under the Dome
**01.50** Twin Peaks
**02.35** Mr. Robot
**03.20** House of Lies
**03.50** How To Get Away With Murder
**04.35** MacGyver
**05.20** Better Things
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

JÚLÍ | 2017




# HÖFUM HEIL ÖKUTÆKI Í UMFERÐ!

**Skylduskoðun ökutækja** eru framkvæmdar á **32** stöðum um land allt hjá Frumherja, sjá staðsetningar á frumherji.is

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is























FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ




Margrét Theodóra er snillingur þegar kemur að bakstri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ljúffengar muffins í hollari kantinum

Jarðfræðingurinn og bakarasnillingurinn **Margrét Theodóra Jónsdóttir** heldur úti blogginu kakanmin.com og birtir þar uppskriftir og myndir af kökunum og bakkelsinu sem hún bakar.

Margrét fer létt með að baka ótrúlegar tertur og skreyttar kökur en spurð út í hvort hún lumi á einfaldri uppskrift sem hver sem er getur bakað eftir deilir hún þessari meðfylgjandi uppskrift. „Ég mæli helst með þessum bláberja- og bananamuffins. Þær eru í hollari kantinum og sjúklega góðar. Þeir sem hafa bakað þær gera það alltaf aftur og aftur.“

## Bláberja- og bananamuffins

10-12 stórar muffins

**250 g spelt**
**2 tsk. lyftiduft (eða rúmar 2 tsk. vínsteinslyftiduft)**
**1 tsk. kanill**
**Salt á hnífsoddi**
**2 stórir, þroskaðir bananar – stappaðir**
**Um 170 g fersk eða frosin bláber***
**3 msk. hlynsíróp**
**3 msk. olía**
**1 stórt egg**
**185 ml haframjólk**

**Ofan á:**
**50 g hrásykur**
**50 g pekanhnetur – saxaðar**
**½ tsk. kanill**
**1 msk. vegan smjör**
**Bragð- og lyktarlaus kókosolía til að smyrja formið, eða smjör, shortening eða olía**
**Ath. ef þið viljið sleppa egginu líka má vel prófa að skipta því út fyrir ¼ bolla af eplamauki**

Hitið ofninn í 180°C með blæstri. Smyrjið muffinsformið vel með kókosolíu eða því sem þið kjósið helst. Sigtið þurrefnin (spelt, lyftiduft, kanil og salt) saman í skál. Stappið bananann og setjið hann og bláberin saman við þurrefnin. Notið gaffal til að blanda þessu varlega saman. Setjið síróp, olíu, haframjólk og egg í aðra skál og þeytið létt saman. Blandið blautefnunum varlega saman við þurrefnin. Notið skeið til að fylla muffinsformin, fyllið vel upp til að fá sæmilega stórar kökur.



Volgar bláberjamuffins klikka aldrei. NORDICPHOTOS/GETTY

hrærа þetta ekki of lengi og ekki harkalega. Gott er að nota sleikju og nota rólega hreyfingar og hætta um leið og deigið er komið saman. (Því grófara sem hveitið er því mikilvægara er að hræra ekki of mikið). Notið skeið til að fylla muffinsformin, fyllið vel upp til að fá sæmilega stórar kökur.

*Ef þið notið frosin ber þá mæli ég með að velta þeim aðeins upp úr spelti/hveiti áður en þið setjið þau í deigið, þetta er bæði gert til þess að þau sökkvi ekki öll á botninn og einnig svo að þau liti deigið minna. Einnig er hægt að skola þau vel með köldu vatni og þurrka aðeins til að deigið litist ekki.

## Toppur

Saxið pekanhneturnar mjög smátt og skerið smjörið í litla bita. Blandið hrásykri, pekanhnetum, kanil og smjöri vel saman þar til blandan verður að kurli. Setjið kurlið ofan á hverja óbakaða muffinsköku. Bakið kökurnar í miðjum ofni í um 20-25 mínútur. Leyfið kökunum að standa í formunum í að minnsta kosti 10 mínútur áður en þið takið þær úr. Gott er að láta muffinskökurnar kólna á grind en best er að einfaldlega að gúffa þeim í sig á meðan þær eru enn volgar.

# ÚTSALAN

## í fullum gangi

# 50% AFSLÁTTUR

## AF SUMAR VÖRUM



# 20-70% AFSLÁTTUR

## AF ÖÐRUM VÖRUM



AUDREY SETT borð + 2 stólar
**50% AFSLÁTTUR** Verð áður 25.980 ,- **NÚ 12.990,-**



**SUMARTÖSKUR 50% afsláttur** Verð áður 990 ,- **NÚ 495,-**



**TRENEL STÓLL**
**67% afsláttur**
Verð áður 29.900,- **NÚ 10.000,-**





**BAMBOO BORÐ 50X50XH55**
**50% afsláttur**
Verð áður 9.990 ,- **NÚ 4.995,-**



**HENGIRÚM 280x180cm**
**30% afsláttur**
Verð áður 12.990 ,-
**NÚ 9.093,-**



**NOTTING HILL sófi 30% afsláttur**
Verð áður 179.900,- **NÚ 125.930,-**



the PIER



**BÚDDA TERRACOTTA 40CM**
**30% afsláttur**
Verð áður 4.990 ,- **NÚ 2.495,-**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 19.07.17 – 25.07.17




**1** **Nornin**
Camilla Läckberg




**2** **Fjallið**
Luca D'andrea




**3** **Með lífið að veði**
Yeonmi Park



**4** **The Sagas of Icelanders**
Ýmsir höfundar




**5** **Hús tveggja fjölskyldna**
Lynda Cohen Loigman




**6** **Iceland Small World**
Sigurgeir Sigurjónsson




**7** **Independent People**
Halldór Laxness




**8** **Litla bakaríið við Strandgötu**
Jenny Colgan




**9** **Konan í dalnum og dæturnar sjö**
Guðmundur G. Hagalín




**10** **Drekkingarhylur**
Paula Hawkins

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson





**Sara Björk býr í litlili vel skipulagðri íbúð í póstnúmeri 105 ásamt kærasta sínum, Ágústi Orra, og hundinum þeirra, Calvin. Íbúðin er skráð 38 fermetrar og hver krókur og kimi er nýttur til hins ýtrasta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# 38 fermetrarnir nýttir til fulls

Fagurkerarnir **Sara Björk Purkhús** og **Ágúst Orri Ágústsson** búa í lítilli íbúð sem þeim hefur tekist að gera afar notalega og flotta. Hver fermetri er nýttur vel enda hafa þau dundað sér við að innrétta rýmið vandlega.

Sara Björk Purkhús og Ágúst Orri Ágústsson hafa búið í íbúðinni sinni í rúm tvö ár. „Nýlega bættist svo Calvin við í fjölskylduna en hann er þriggja mánaða gamall franskur bolabítur,“ segir Sara spurð út í íbúa heimilisins.

Íbúð Söru og Ágústs er skráð 38 fermetrar. „Hluti íbúðarinnar er undir súð og telst því ekki með í fermetratölu. Allt pláss er vel nýtt hér og íbúðin virkilega vel skipulögð og björt,“ útskýrir Sara.

Uppáhaldsrými Söru á heimilinu er stofan. „Ég er búin að dunda mér mest í henni frá því að við fluttum inn. Svalirnar koma þar á eftir sterkar inn á góðum sólardegi. Þær eru stórar og sólin skín þar allan daginn, þegar hún lætur sjá sig það er að segja.“

Spurð út í hver galdurinn á bak við góða nýtingu fermetra sé segir Sara: „Ég nýti alla veggi vel og hef sett upp nokkrar fallegar vegghillur. Einnig nýti ég vel þann hluta íbúðarinnar sem er undir súð og er með góðar kommóður. Lykilatriðið er að vera með gott skipulag.“

Meirihluti húsgagnanna sem prýðir heimilið kemur úr Rúmfatalagernum, það á meðal uppáhaldshúsgagn Söru. „Nánast öll húsgögnin okkar eru úr Rúmfatalagernum og líka margt annað smádót. Ég finn alltaf eitthvað fallegt þar á góðu verði. Ætli uppáhaldshúsgagnið mitt sé ekki stofuborðið úr Rúmfatalagernum. Það er hvítt með fallegum viðarfótum og sporöskjulaga svo það passar



**Íbúð Söru Bjarkar og Ágústs Orra er stílhrein og björt. Fallegir smáhlutir og plöntur setja sterkan svip á heimilið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

> **NÁNAST ÖLL HÚSGÖGNIN OKKAR ERU ÚR RÚMFATALAGERNUM OG LÍKA MARGT ANNAÐ SMÁDÓT. ÉG FINN ALLTAF EITTHVAÐ FALLEGT ÞAR Á GÓÐU VERÐI.**

vel inn í lítið rými,“ segir Sara sem kaupir líka töluvert inn á heimilið í Ilvu, Söstrene Grene, Líf og list og Kúnigúnd. „Þegar ég fer til útlanda versla ég gjarnan í Urban Outfitters en þeir eru með margt fallegt fyrir heimilið.“

Sara er mikill fagurkeri og elskar að raða upp á nýtt og breyta til heima hjá sér. „Mér hefur alltaf þótt gaman að gera fínt í kringum mig og breyta til. Mér þykir þetta meira að segja svo gaman að nýlega stofnaði ég fyrirtæki sem mun halda utan um vefverslunina purkhus.is. Þar mun ýmislegt fallegt fást fyrir hús og heimili,“ segir Sara sem stefnir á að opna vefverslunina í haust.

Að lokum, spurð út í draumaheimilið, segir Sara: „Það væri draumur að búa í fallegu gömlu steinuðu húsi sem er þó nútímalegt að innan. Mig hefur líka alltaf dreymt um að vera með stóra bogadregna glugga í stofunni.“

**gudnyhronn@365.is**

**visir.is** Fleiri myndir af heimili Söru er að finna á Vísi.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


BEARNAISE KARTÖFLUSALAT
Þykkvabæjar
Nýtt
Nú tvær nýjar tegundir!
GRILL-
MATURINN
ELSKAR
Þykkvabæjar
SÆTKARTÖFLU SALAT
400 gr.
Nýtt

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Frosta Logasonar




## Hugrekkið og sannleikurinn

Þegar ég var lítill drengur var bókin um Gosa einhvern tímann lesin fyrir mig. Á þeim tíma hafði sagan ekki mikla þýðingu fyrir mér aðra en þá að ég lærði að maður skyldi aldrei segja ósatt. Þá gæti nefið á manni nefnilega stækkað óhóflega. Lengi vel var þetta það eina sem ég mundi um Gosa. Nú mörgum árum síðar stend ég í þeim mögnuðu sporum að vera sjálfur orðinn faðir og það eru engar ýkjur að segja að ég sé farinn að sjá lífið allt í nýju ljósi. Þar á meðal ævintýrið um spýtudrenginn Gosa.

Ég horfði nýlega á teiknimyndina og mér til mikillar furðu var hún troðfull af myndmáli sem talaði til mín og snerti djúpt. Þegar trésmiðurinn Jakob horfir upp til stjarnanna og óskar sér að strengjabrúðan sem hann bjó til verði að lifandi dreng. Að sköpunarverki hans verði ekki lengur stjórnað af utanaðkomandi öflum heldur verði að raunverulegri, alvöru manneskju. Eitthvað sem ég skil í dag að er auðvitað æðsta ósk allra foreldra.

Kraftmikill boðskapur sögunnar kemst að lokum best í gegn þegar bláa heilladísin lætur ósk Jakobs rætast með því skilyrði að Gosi tileinki sér ákveðin gildi. Hugrekki, sannsögli og ósérhlífni verða síðan á endanum það sem glæðir hann raunverulegu lífi. Í þessu býr mikill lærdómur. Og þó ég telji til of mikils ætlast að lítil börn læri sannleikann um lífið með því að horfa á teiknimyndina um Gosa þá er ævintýrið góð áminning, fyrir ungt fólk sem er að verða að alvöru manneskjum, um hvernig best er að uppfylla heitustu ósk þeirra sem elska okkur mest. Foreldrar okkar eiga það jú inni hjá okkur.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Skólatölvan fæst hjá Epli





EPLI
www.epli.is

MÁLUM OG VERJUM

málning ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

PALLAOLÍA
margir litir, 4 l.
3.835 kr.
86363040






Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.






málning
ÚTIMÁLNING
KÓPAL STEINTEX, hvítt, 4 l.
7.265 kr.
86647540





PENSILL
XTRA-Einar, 120 mm
2.495 kr.
58365522

GJØCO -30%
TILBOÐSVERÐ
VIÐARVÖRN
HERREGÅRD tréolía XO.
Fæst í ljósbrúnu og glæru.
1.747 kr
80602501-2
Almennt verð: 2.495 kr.








MÁLNINGARFATA
12 l
595 kr.
58761012

SUMARÚTSALA
Lýkur um helgina!

PALLALEIKUR BYKO
Vertu með!
1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!
FJÖLDI FRÁBÆRRA VINNINGA
Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 18. ágúst.

BYKO 1962-2017 55 ára